



HANDKNATTLEIKSFÉLAG KÓPAVOGS ÁRSSKÝRSLA 2023



EFNISYFIRLIT

ÁVARP FORMANNS	2
SKÝRSLA AÐALSTJÓRNAR.....	4
SKÝRSLA HANDKNATTLEIKSDEILDAR.....	7
SKÝRSLA BARNA- OG UNGLINGARÁÐS HANDKNATTLEIKSDEILDAR	9
SKÝRSLA KNATTSPYRNUDEILDAR	10
SKÝRSLA BARNA- OG UNGLINGARÁÐS KNATTSPYRNUDEILDAR.....	13
SKÝRSLA BLAKDEILDAR	15
SKÝRSLA BARNA- OG UNGLINGARÁÐS BLAKDEILDAR	19
SKÝRSLA BORDTENNISDEILDAR	21
SKÝRSLA DANSDEILDAR.....	23
SKÝRSLA BANDÝDEILDAR.....	25
HEIÐURSVIÐURKENNINGAR.....	27
ÁRSREIKNINGAR	31



ÁVARP FORMANNS

Kæru félagar

Árið 2023 var að venju viðburðaríkt, krefjandi en um leið skemmtilegt íþróttarár fyrir HK. Meistaraflokkur karla í fótbolta spilaði í Bestu deildinni og hélt sæti sínu á eftirminnilegan hátt. Stelpurnar í fótboltanum voru í harðri toppbaráttu í Lengjudeildinni allt tímabilið og voru nálægt því að komast upp. Karlaliðið í handbolta fór beint upp úr Grill 66 deildinni eftir frábært og taplaust tímabil. Meistaraflokkur kvenna í handbolta spilaði í Olís deildinni en þurfti því miður að sætta sig við fall niður í Grill 66 deildina eftir erfitt en lærdómsríkt tímabil. Karlalið HK í blaki endaði í 5. sæti í Unbrokendeildinni og kvennaliðið í 6. sæti. Mikill uppgangur hefur verið hjá meistaraflokkunum í bandý og margir leikmenn HK sem spila með landsliðinu. Það má því segja að árangur meistaraflokka okkar hafi almennt verið góður hjá öllum deildum félagsins en farið er yfir árangurinn í skýrslum deilda.

Eins og áður voru haldnir ýmsir skipulagðir íþróttaviðburði sem og aðrir tekjuöflunarviðburðir sem styðja við rekstur félagsins. Þar má helst nefna herra- og konukvöld HK sem tókust mjög vel sem og hið glæsilega Kópavogsblót, í samstarfi við Breiðablik og Gerplu. Þessir viðburðir eru mjög vinsælir hjá félagsmönnum sem og öðrum Kópavogsbúum þar sem HK-ingum gefst tækifæri til að koma saman fyrir utan hina hefðbundnu íþróttaviðburði.

Aðalstjórn HK vill koma á framfæri sérstökum þökkum til allra þeirra sjálfboðaliða sem hafa lagt hönd á plóg og gert félaginu kleift að halda öll þessi mót og viðburði af þessari stærðargráðu. Ljóst er að sjálfboðaliðar gegna mjög mikilvægi hlutverki í starfi HK. Sjálfboðaliðar eru í raun lífæð allra íþróttafélaga og við erum svo sannarlega þakklát fyrir allt það góða fólk er kemur að starfinu hjá HK. Gleðilegt var að sjá alla þá öflugu sjálfboðaliða sem mættu á sjálfboðaliðadag HK í lok apríl sl., sem var haldinn í tengslum við plokkdaginn, og hreinsuðu til í kringum Kórinn. Þá var Alexander Arnarson, núverandi varaformaður aðalstjórnar HK, og Björg Erlingsdóttir, frá blakdeildinni, sæmd silfurmerki ÍSÍ, bæði fyrir óeigingjarnt sjálfboðaliðastarf í þágu HK í tugi ára.



Aðstaðan sem HK hefur til umráða er góð, en engu að síður þurfum við að gæta vel að því að viðhald og þróun aðstöðunnar sé í samræmi við framþróun, nýtingu og stækkun félagsins. Nú hefur einnig verið stofnaður gagnfræðaskóli sem starfræktur er í Kórnum, Kóraskóli, og eykur það notagildi en jafnframt álag á Kórnum. Þá er einnig misjöfn aðstaða milli deilda. Þá var Kórinn nýttur sem fjöldahjálparmiðstöð í nóvember er Grindavík var rýmd. Starfsemin í Kórnum fór úr skorðum í nokkra daga vegna þess en gott var að geta lagt eitthvað af mörkum í þessu erfiða ástandi sem skapaðist þá. Og varir raunar enn.

Vinna er í gangi með Kópavogsbæ að greina og undirbúa þarfir HK og Kópavogsbæjar varðandi stúku og nýjan gervigrasvöll á félagssvæði HK. Vonir standa til að hönnun hefjist á þessu ári en í undirbúningsvinnunni hefur verið lögð sérstök áhersla á fjölnota mannvirki, m.a. með því að bæta félagsaðstöðu HK auk hugsanlegrar samnýtingar við aðra starfsemi á vegum bæjarins. Það hefur hins vegar ekki verið tekin endanleg ákvörðun hvaða aðstaða verður þar en það er verið að skoða valkosti. HK vinnur þétt að þessu máli með Kópavogsbæ og rétt er að þakka Kópavogsbæ fyrir að forgangsraða fjármagni í uppbyggingu íþróttamannvirka enda hefur bærinn gefið það út að Kópavogur er og ætlar að vera leiðandi í íþrótt- og æskulýðsmálum.



Rekstur félagsins hefur verið mjög krefjandi undanfarin ár, því er nauðsynlegt að hafa mikið aðhald með rekstrinum sem og góða samvinnu við deildarstjórnir. Í því skyni hefur verið skerpt á samskiptum milli skrifstofu og deildarstjórna, sem og deildarstjórna og aðalstjórnar. Þá hafa verið settar reglur um fjármuni og fjárreiður deilda og einnig gerðir þjónustusamningar milli skrifstofu og deildarstjórna til að skýra betur ábyrgð og verkaskiptingu. Helstu áskoranir okkar eru að reka meistaraflokka í öllum deildum. Barna- og unglíngastarfi er að mestu leyti haldið uppi af æfingagjöldum. Slíkt á ekki við um meistaraflokkana þar sem við þurfum að reiða okkur á styrki og öfluga samstarfsaðila. Slíkt getur verið þungt í rekstri en að sama skapi verður að hafa í huga að meistaraflokkarnir okkar skila miklu til félagsins, bæði í formi fyrirmynda fyrir unga iðkendur og leikmenn sem og aukinni stemmningu í hverfinu. Einnig viljum við auðvitað að meistaraflokkar okkar séu samsettir að mestu leyti af uppöldum HK-ingum. Á þessu starfsári voru einnig endurnýjaðir samstarfssamningar við tvo af okkar helstu styrktaraðilum, Arion banka og Skipaþjónustu Íslands og fyrir það erum við mjög þakklát.

Ráðist var í gerð viðhorfskönnunar haustið 2023 meðal foreldra iðkenda félagsins og gaman er að segja frá því að foreldrar eru ánægðir með það gróskumikla starf sem hér er unnið. Um 75% þátttakenda segjast vera mjög ánægð eða frekar ánægð með þjónustu HK sem staðfestir okkar tilfinningu og rúmlega 90% segjast vera mjög ánægð eða frekar ánægð með aðstöðuna enda er öll aðstaða hér í Kórnum til fyrirmyndar. Í ljós kemur einnig að mikil ánægja er með þjálfara HK sem og framfarir ásamt auknu sjálfstrausti iðkenda. Auk þess sýna niðurstöður að foreldrar eru ánægðir með æfingatíma, æfingamagn og áherslur í þjálfun.

Breytingar urðu á stjórn og skrifstofu á síðasta ári. Pétur Örn Magnússon hætti sem formaður sl. haust og tók undirrituð við sem formaður fram að aðalfundi. Þá lét Hanna Carla Jóhannsdóttir framkvæmdastjóri af störfum í lok janúar og við hennar starfi tók Sandra Sigurðardóttir. Pétri Erni og Hönnu Cörlu eru þökkuð góð störf í þágu HK. Breyting varð á starfi íþróttastjóra er Arnór Ásgeirsson var ráðinn sem íþrótt- og markaðsstjóri. Þá má ekki gleyma Hólmsteini Inga Halldórssyni, fjármálastjóra, og Hrönn Helgadóttur, bókara, sem einnig vinna gott starf á skrifstofu Kórsins.

HK hefur gríðarleg tækifæri sem félag, með mikinn iðkendafjölda, góða aðstöðu og öfluga þjálfara. Stefna HK er að vera í fremstu röð íþróttafélaga á landinu þegar kemur að þeim íþróttum sem stundaðar eru innan HK. Við erum komin á þann stað að geta sótt þangað. Við viljum vera þannig félag að iðkendurnir finni fyrir okkar gildum - Gleði, virðing og metnaður.

Áfram HK!

Árnína Steinunn Kristjánsdóttir
Formaður



SKÝRSLA AÐALSTJÓRNAR



Aðalstjórn HK er í forsvari fyrir félagið gagnvart ÍSí, UMFÍ, UMSK, Kópavogsbæ, opinberum yfirvöldum og aðalstjórnnum annarra íþróttafélaga.

Aðalstjórn ber ábyrgð á fjárreiðum deilda, hún setur deildum reglur um fjárreiður og meðferð fjármuna og hefur eftirlit með þeim. Aðalstjórn annast rekstur eigna og íþróttahúsa HK, starfrækir íþróttaskóla HK ásamt almenningsíþróttahópum.

Eftirfarandi skipuðu stjórn á starfsárinu:

Pétur Örn Magnússon	formaður til september 2023
Árnína Steinunn Kristjánsdóttir	formaður frá september 2023
Alexander Arnarson	meðstjórnandi og varaformaður
Atli Steinn Árnason	meðstjórnandi
Anný Berglind Thorstensen	meðstjórnandi
Guðmundur K. Guðmundsson	meðstjórnandi
Helga Sigurrós Valgeirsdóttir	meðstjórnandi
Hanna Carla Jóhannsdóttir	framkvæmdastjóri til janúar 2024
Sandra Sigurðardóttir	framkvæmdastjóri frá febrúar 2024



Helstu viðburðir á árinu 2023

Félagið hélt stór mót í Kórnum á árinu, þ.á.m. Krónumót fyrir yngstu flokkana í knattspyrnu og Ákamótið í handbolta fyrir 7. flokk karla og kvenna.

Nánar má lesa um rekstur deilda og árangur í skýrslum viðkomandi deilda.

Styrktaraðilar

Helstu styrktaraðilar HK hafa haldið tryggð við félagið og staðið þétt við bakið á félaginu á undanförunum misserum og árum og er ómetanlegt fyrir okkur HK-inga að hafa jafn öflug og traust fyrirtæki sem bakhjarla félagsins.

Íþróttaskóli barna

Aðalstjórn HK í samstarfi við íþróttافرæðinga rekur íþróttaskóla fyrir börn á aldrinum 12 mánaða til 5 ára með aðsetur í Kórnum. Þar hefur farið fram fjölbreytt og skemmtileg dagskrá sem miðar að því að efla skyn- og hreyfiproska barnanna ásamt því að kenna þeim að taka tillit hvers til annars.

Markmiðið íþróttaskólans er að kynna börnin fyrir fjölbreyttri hreyfingu og verkefnum í hlýlegu umhverfi sem íþróttasalurinn á að vera sem og að gera þau hagvön í Kórnum.

Hlaupahópur

Hlaupahópur HK er fyrir byrjendur jafnt sem lengra komna og eru allir velkomnir á æfingar hjá hópnum. Síðastliðið haust var m.a. boðið upp á námskeið þar sem farið var yfir grunnatriði í hlaupum, hlaupastíl, teygjum o.fl.

Mannauður

Mannauður HK liggur fyrst og fremst í frábærum iðkendum, kraftmiklu stjórnar- og starfsfólki ásamt þjálfurum innan allra deilda. Hjá HK starfa yfir 100 manns við þjálfun í sex deildum. Skrifstofa félagsins sér um allan daglegan rekstur félagsins og hefur eftir fremsta megni reynt að létta á störfum sjálfboðaliða félagsins. Faglegu starfi deilda er stýrt af stjórnnum þess og ráðum, sem sjálfboðaliðar skipa, en þar situr frábært fólk sem vinnur óeigingjarnt starf fyrir félagið.

Afrekssvið Menntaskólans í Kópavogi (MK)

Frá 2019 hefur MK haldið úti afrekssviði fyrir metnaðarfullt íþróttafólk. Afrekssviðið er opið fyrir alla iðkendur úr íþróttafélögunum í Kópavogi sem geta tekið aukaæfingar einu sinni í viku undir handleiðslu þjálfara, bæði verklegar og bóklegar æfingar. Fjölmargir iðkendur HK voru hluti af hópnum líkt og undanfarin ár. Þá komu yfirþjálfarar handknattleiksdeildar og afreksþjálfarar knattspyrnudeildar að þjálfun innan afrekssviðs MK.

Heilsuefning eldri borgara

„Virgni og vellíðan“ er verkefni sem miðar að heilsuefningu fyrir 60 ára og eldri í Kópavogi. Þátttakendur fá tækifæri til að stunda hreyfingu í því félagi sem stendur næst heimili þeirra í Kópavogi.

Íþróttahátíð HK

Íþróttahátíð HK 2023 var haldin hátíðleg þann 10. janúar 2024 í veislusal Kórsins þar sem fremsta íþróttafólk HK var heiðrað.

Íþróttarárið sem senn er að líða var lærdómsríkt og krefjandi en engu að síður unnust sætir sigrar og mikil afrek hjá íþróttafólkinu okkar á árinu.

Árnína Steinunn Kristjánsdóttir, formaður HK setti hátíðina og ávarpaði íþróttafólk og aðra gesti.



Í ár voru eftirfarandi heiðranir veittar þeim íþróttamönnum HK sem þóttu hafa skarað framúr á árinu og sem tilnefndir voru af félaginu og deildum til íþróttafólks Kópavogsbæjar í viðeigandi flokki.

Íþróttafólk HK 2023

Íþróttakona HK – Arna Sólrún Heimisdóttir úr blakdeild HK.

Íþróttamaður HK – Aron Logi Hrannarsson úr dansdeild HK.



Lið ársins 2023 – Meistaraflokkur kvenna í blaki - HK komst í bikarúrslit í vor eftir að hafa slegið út sterkt lið Völsungs í undanúrslitum. Þar tapaði liðið á móti KA, sem urðu þrefaldir meistarar á síðasta tímabili (deildar-, bikar og Íslandsmeistarar).

HK liðið varð síðan Meistarar meistaranna haustið 2023, þar sem liðið vann KA í hörkuleik.



Á árinu 2023 voru eftirfarandi einstaklingar heiðraðir af deildum fyrir góðan árangur:

Blakkona og blakmaður ársins - Arna Sólrún Heimisdóttir og Tómas Davíðsson

Blakkona og blakmaður ársins í flokki ungmenna - Halla Marín Sigurjónsdóttir og Markús Freyr Arnarsson

Danskona og dansmaður ársins - Eva Karen Ólafsdóttir og Aron Logi Hrannarsson

Handknattleikskona og handknattleiksmaður ársins - Aníta Eik Jónsdóttir og Kristján Ottó Hjálmsson

Handknattleiksskona og handknattleiksmaður ársins í flokki ungmenna - Inga Fanney Hauksdóttir og Patrekur Guðni Þorbergsson

Knattspyrnukona og knattspyrnumaður ársins – Lára Einarsdóttir og Arnþór Ari Atlason

Knattspyrnukona og knattspyrnumaður ársins í flokki ungmenna – Ísabel Rós Ragnarsdóttir og Karl Ágúst Karlsson

Borðtennismaður ársins – Óskar Agnarsson

Borðtennismaður ársins í flokki ungmenna – Haukur Ingi Jónsson

Bandýmanneskja ársins – Ólafur Björgvin Sveinsson

Innilega til hamingju kæra íþróttafólk HK – framtíðin er ykkar!



SKÝRSLA HANDKNATTLEIKSDEILDAR

Deildarstjórn skipuðu á starfsárinu:

Kristín Helga Einarasdóttir	formaður
Jón Ágúst Garðarsson	meðstjórnandi
Hrund Sverrisdóttir	meðstjórnandi
Magnús Fjalar Guðmundsson	meðstjórnandi
Ingvar Ingvarsson	meðstjórnandi
Brynjar Freyr Valsteinnsson	meðstjórnandi

Magnús H. Magnússon	fv. meðstjórnandi
Rafn Árnason	fv. meðstjórnandi
Daníel Berg Grétarsson	fv. formaður
Valdís Arnarsdóttir	form. mfl.ráðs karla
Unnur Vala Jónsdóttir	form. mfl.ráðs kvenna
Erla Hannesdóttir	form. barna- og unglingaráðs

Meistaraflokkur kvenna

Meistaraflokkur kvenna spilaði á liðnu tímabili í næst efstu deildinni og enduðu stelpurnar í 6 sæti. Hilmar Guðlaugsson stýrði liðinu með til aðstoðar var Eva Hrund Harðardóttir.

Í byrjun tímabils voru fengnir nokkrir reyndari leikmenn til að styrkja liðið en vegna töluverðra meiðsla hefur leikmannahópurinn verið nokkuð þunnt skipaður í vetur. Nokkrir yngri leikmenn hafa því fengið að spreyta sig með liðinu í vetur. Töluverður stígandi var í getu liðsins þegar leið á veturinn. Stefnt er að því að reyna að bæta við nokkrum reyndar leikmönnum fyrir næsta tímabil til að gera hópinn enn þéttari. Stefnt er að því að ljúka næsta tímabili í efsta sæti deildarinnar og spila í efstu deild á þar næsta tímabili.

Meistaraflokkur karla

Meistaraflokkur karla spilaði í efstu deild í vetur og enduðu í 10. sæti eftir nokkurn endasprett. Liðið heldur því sæti sínu og spilar aftur í Olíseildinni á næsta tímabili en það er í fyrsta skiptið í áratug sem lið meistaraflokks karla spilar í efstu deild tvö tímabil í röð. Á miðju tímabili var liðið nokkuð óheppið þar sem þó nokkur meiðsli herjuðu á leikmenn. Tekið var á það ráð að fá einn leikmann á láni til þess að styrkja hópinn á meðan á þessu stóð.

Unnið hefur verið að því að endurnýja samninga við leikmenn en áfram verður stefnt að því að byggja liðið upp að mestu leyti upp á leikmönnum úr yngri flokkum HK. HK býr að mjög öflugum yngri flokka starfi og hefur flesta iðkendum í yngri flokka starfi hér á landi. Framtíð félagsins byggir á þessum breiða hópi iðkenda í yngri flokkum og þeim öflugum hópi þjálfara sem félagið hefur á að skipa.



mynd: mbl.is/Kristinn Magnússon

Sebastían Alexandersson þjálfaði liðið á tímabilinu en til aðstoðar hefur verið Guðfinnur Kristmannsson sem jafnframt hefur þjálfað ungmennalið HK. Um mitt tímabil var tekin ákvörðun um að framlengja ekki samninga við þá að þessu tímabili liðnu og verður þeim seint þakkað sitt framlag og óeigingjarna starf í þágu félagsins.

Halldór Jóhann Sigfússon hefur verið ráðinn þjálfari meistaraflokks karla frá og með næsta tímabili til þriggja ára, en var áður þjálfari hjá danska úrvalsdeildarliðinu Nordsjælland Håndball. Þá hefur Vilhelm Gauti Bergsveinsson verið ráðinn sem aðstoðarþjálfari meistaraflokks karla og mun hann jafnframt sjá um þjálfun ungmennaliðs HK karla.

Ungmennalið

HK tefdi fram ungmennaliði karla sem spilaði í Grill deildinni á þessu tímabili sem var að mestu skipað leikmönnum úr 3. flokki félagsins ásamt yngri leikmönnum úr meistaraflokki karla. Liðið endaði í 9. sæti deildarinnar og mun því spila í 2. deild á næsta tímabili. Ungmennaliðið mun áfram gegna mikilvægu hlutverki við að gefa leikmönnum í yngri flokkum félagsins tækifæri á að spila með reyndar leikmönnum úr meistaraflokki og fá verkefni við hæfi.

Önnur mál

Tekjur meistaraflokka karla og kvenna byggja að öllu leyti á styrkjum og auglýsingatekjum. Framundan er þörf fyrir átak í að styrkja tekjuginn deildarinnar þar sem fyrirséð er að

nokkrir kostnaðarliðir koma til með að hækka á komandi tímabili. Stjórn handknattleiksdeildarinnar þakkar fyrir alla þá góðu styrki og framlög sem hafa borist til deildarinnar en vill jafnframt hvetja velunnara til að hafa samband við stjórnina ef þeir sjá sér fært að aðstoða við frekari tekjuöflun.

Nokkrar breytingar urðu í vetur í stjórn handknattleiksdeildarinnar. Daníel Berg formaður handboltadeildarinnar lét af störfum um mitt ár en Kristín Helga Einarsdóttir tók við sem formaður. Magnús Heiðar Magnússon og Rafn Árnason gengu úr stjórn á árinu. Brynjar Steinn Valsteinsson kom nýr inn í stjórn í janúar.

Handknattleiksdeildin er virkilega þakklát öllum sjálfbóðaliðum félagsins og er það einstakt að hafa fólk sem er tilbúið að gefa tíma sinn í vinnu fyrir handknattleiksdeildina, hvort sem það er í stjórn, ráðum eða við aðstoð á heimaleikjum. Leikmenn og þjálfarar hafa staðið sig vel þegar kemur að fjáröflunum og öðrum stuðningi við félagið.

Umgjörð félagsins er til fyrirmyndar og hefur verið gríðarlega vel mætt á heimaleiki í vetur og hefur verið haft orð á því að framkvæmd heimaleikja sé fyrsta flokks hjá HK. Stjórn deildarinnar lítur á þetta fyrst og fremst sem hrós til stuðningsmanna og allra þeirra fjölmörgu sjálfbóðaliða sem vinna mikið og óeigingjarnt starf í þágu félagsins, þið eruð HK!

Stjórn handknattleiksdeildar HK

Kristín Helga Einarsdóttir, formaður

SKÝRSLA BARNA- OG UNGLINGARÁÐS HANDKNATTLEIKSDEILDAR

Stjórn Barna- og unglíngaráðs á starfsárinu:

Erla Hanna Hannesdóttir	Formaður	Þorbergur Skagfjörð Ólafsson	Meðstjórnandi
Auður Arna Antonsdóttir	Varaformaður	Erlingur Snær Erlingsson	Meðstjórnandi
Sigurborg Kristinsdóttir	Gjaldkeri	Sonja Steinarsdóttir	Meðstjórnandi
Sindri Sveinsson	Ritari	Magnús J. Hjaltested	Meðstjórnandi

Árið 2023 gekk vel hjá iðkendum yngri flokka HK. Við erum með góða og reynda þjálfara ásamt stórum og flottum hóp af ungum efnilegum aðstoðarþjálfurum sem eru um leið flottar fyrirmyndir fyrir yngstu iðkendum okkar. BUR er virkilega ánægð með þennan hóp og þakkar þeim öllum fyrir gott samstarf.

Yngri flokka starfsemi HK er iðkuð á þremur stöðum, á Kársnesi, í Digranesi og svo í okkar stóru flottu aðstöðu Kórnum. Iðkendum eru orðnir yfir 600 talsins og stefna okkar er að auka þá enn frekar á næstu árum þó við séum nú þegar ein stærsta handboltadeildin á landinu. Hlutverk félagsins og okkar í BUR er að skapa umhverfi sem hvetur félagsmenn til að ná markmiðum sínum og skara fram úr í leik og starfi og að allir iðkendum fái að njóta sín og fái verkefni við hæfi.

HK getur státað sig af velgengni einstakra flokka ásamt því að eiga fulltrúa í flestum yngri landsliðum og erum við virkilega stolt af öllum okkar iðkendum.

Á haustmánuðum réðum við til starfa íþróttfulltrúa hann Davíð Elí Heimisson og var það ríkuleg viðbót við yfirþjálfarastöðuna. Davíð hefur sinnt miklu og óeigingjörnu starfi fyrir BUR og þökkum við honum einstaklega vel fyrir sína krafta.



Barna- og unglíngaráð HK stendur vaktina á öllum mótum sem HK eru falin af HSÍ. Á stórum mótum er að mörgu að huga og sem við teljum okkur gera vel. Við stöndum vaktir í sjoppu sem og aðstoð við mótastjórn. Ekki má heldur gleyma hvað við erum heppin með iðkendum í efstu flokkum félagsins sem öll eru tilbúin að taka að sér dómgæslu og tímavörslu þegar þau eru beðin. Eins hefur stór hópur stelpna í 4 og 5 flokki ávallt verið tilbúin að hjálpa til í sjoppunni sem kemur sér vel. Við teljum okkur vera lánsöm hér hjá HK að hafa úrvals iðkendum og foreldra sem tilbúin eru að taka þátt í starfinu með okkur.

Afkoma BUR fyrir árið 2023 var ekki réttu megin við núllið, en fyrir því eru ýmsar ástæður og þegar hefur verið hafist handa við að laga stöðuna.

Að lokum vill Barna- og unglíngaráð þakka iðkendum, foreldrum, þjálfurum og skrifstofu HK fyrir gott samstarf á þessu starfsári.

Stjórn barna- og unglíngaráðs handknattleiksdeildar

Erla Hannesdóttir, formaður





SKÝRSLA KNATTSPYRNUDEILDAR

Deildarstjórn skipuðu á starfsárinu:

Hjörtur Þór Steindórsson	formaður	Kristján Jakobsson	gjaldkeri
Davíð Freyr Albertsson	varaformaður	Ólafur Karl Eyjólfsson	meðstjórnandi
Hilmar Rafn Kristinsson	meðstjórnandi		
Þorsteinn Yngvason	meðstjórnandi		

Fulltrúar ráða:

Baldur Már Bragason	formaður meistaraflokksráðs karla
María Rúnarsdóttir	fulltrúi meistaraflokksráðs kvenna
Sigurður Flosason	formaður barna og unglíngaráðs

Árið 2023 var áhugavert, viðburðarríkt en krefjandi á köflum. Starfsemi knattspyrnudeildar HK er í eðli sínu fjölbreytt, verkefni fjölmörg þar sem sum eru meira krefjandi en önnur. Þegar þetta er skrifað er enn kalt í veðri en stutt í að keppnistímabil sumarsins hefjist. Veturinn er nýttur af iðkendum og flokkum félagsins í að æfa, styrkja sig og undirbúa keppni í Íslandsmóti, bikarkeppnum og öðrum mótum.

Starf knattspyrnudeildar HK er umfangsmikið enda stór og kröftug deild. Iðkenda fjöldi deildarinnar er mikill, bæði hjá stelpum og strákuum. Ljóst er að spennandi tímar eru framundan hjá okkar fjölmörgu iðkendum og verður komið inn á það hér síðar. Samstarfið í stjórn KD var gott á árinu og haldnir fjölmargir fundir, en þó þannig að það komu upp

aðstæður síðastliðið haust þar sem fólk innan raða knattspyrnudeildarinnar var ósammála um vegferðina framundan. Þetta kom á óvart en varpar ljósi á þá staðreynd að þörf er á að þetta raðirnar, sammælast um hver helstu markmið deildarinnar eru og róa svo öll af kappi í sömu átt. Spurningin sem við hljótum að spyrja okkur reglulega er; hvernig sköpum við sem bestan vettvang til árangurs, iðkendum og félaginu til heilla? Og þessu til viðbótar, hvað er árangur í okkar augum? Þessu verðum við að svara saman sem heild.

Meistaraflokkur karla

Meistaraflokkur karla lék í deild hinna bestu sumarið 2023 og stóð sig mjög vel. Fyrsti leikur sumarsins var kvöldleikur á fyrsta mótsdegi á móti Breiðabliki á Kópavogsvelli. Mikil



eftirvænting ríkti fyrir þennan leik enda eru leikir Kópavogslíðanna alltaf skemmtilegir og þessi leikur gæti ratað í sögubækurnar sem einn sá allra skemmtilegasti. Leikurinn var æsispennandi og endaði með 3-4 sigri HK og ljóst var að Kópavogurinn var rauður þetta sumarið, enda vann HK líka seinni leik sumarsins í lok júní (5-2). Sá leikur var líklega ekki síðri. Niðurstaða sumarsins var sú að HK lenti í 9. sæti í 12 liða deild og verður því að keppa í Bestu deildinni sumarið 2024 sem er frábært fyrir félagið og hverfið því stemningin í Kórnum er margfalt skemmtilegri í Bestu deildinni.



mynd: mbl.is/Árni Sæberg

Ómar Ingi Guðmundsson er þjálfari meistaraflokks karla og aðstoðarþjálfari hans er Ragnar Sigurðsson, fyrrverandi landsliðsmaður, sem kom til HK í vetur en hann tekur við af Kára Jónassyni sem var með Ómari sumarið 2023 og 2022. Við þökkum Kára fyrir gott starf í þágu félagsins sem bæði aðstoðarþjálfari meistaraflokks karla sem og þjálfari í unglíngastarfi félagsins. Ómar, Ragnar og meistaraflokks teymið eru að undirbúa liðið af kappi fyrir komandi tímabil. Að vanda ríkir mikil eftirvænting í herbúðum liðsins fyrir komandi tímabil í Bestu deildinni.

Meistaraflokkur kvenna

Meistaraflokkur kvenna keppti sumarið 2023 í Lengjudeildinni og var stefnt að því að komast upp í deild hinna bestu. Það tókst því miður ekki þó að stelpurnar hafi staðið sig mjög vel. Niðurstaðan var 3. sætið, aðeins fjórum stigum frá Víkingsstelpunum sem unnu deildina þetta árið. Sumarið 2022 var niðurstaðan fjórða sætið svo þetta er bæting milli ára. Mikill metnaður

liggur í starfi meistaraflokks kvenna og er stefnan sett á keppa í Bestu deild kvenna innan tíðar. Þjálfari liðsins er Guðni Þór Einarsson og aðstoðarþjálfari er Gylfi Tryggvason, en hann er nýr og kemur í stað Lidija Stojkanovic sem er hætt. Við þökkum Lidiju kærlega fyrir gott starf sem þjálfari hjá félaginu, bæði sem þjálfari í meistaraflokki sem og í barna- og unglíngastarfinu. Eins og hjá körlunum ríkir mikil eftirvænting fyrir komandi sumri hjá kvennaliði félagsins.



mynd: fotbolti.net/Hrefna Morthens

Önnur mál

Framtíð knattspyrnudeildar HK er spennandi. Fjöldinn allur af iðkendum æfir hjá félaginu alla daga, bæði stelpur og strákar. Aðstaða félagsins er með því besta sem gerist á landinu. Því til viðbótar verða tekin stór skref á þessu ári að byggja nýjan fullbúinn keppnisvöll úti við hlið Kórsins ásamt stúku. Þessi framkvæmd, sem hefur verið á teiknaborðinu um nokkurn tíma og er í fullum undirbúningi þessa dagana, mun hleypa nýjum og auknum krafti í starfið hér í efri byggðum Kópavogs. Óhætt er að segja að mikil eftirvænting ríki varðandi þessa framkvæmd. Stefnt er að því að keppa fyrsta keppnisleik á nýjum og glæsilegum velli HK tímabilið 2027.

Knattspyrnudeild HK hefur vaxið mikið undanfarin ár og þurfum við stöðugt að leita leiða til að bæta okkar starf í barna- og unglíngastarfinu sem og í meistaraflokkum. Metnaður félagsins er að vera með meistaraflokka karla og kvenna í deild þeirra bestu en til þess að það raungerist þá verða m.a. eftirtaldir hlutir að vera til staðar:



- Góð aðstaða til knattspyrnuíðkunar og þjálfunar
- Yngra flokka starfið þarf að vera kröftugt, markvisst og árangursdrifið
- Fjárhagslegur stuðningur styrktaraðila (fyrirtækja)
- Fjárhagslegur stuðningur HK-inga (einstaklingar)
- Öflugir sjálfboðaliðar til að styðja við starfsemi deildarinnar

Ein mikilvægasta leiðin til að rekstur meistaraflokka félagsins verði sjálfbær til framtíðar er að hluti þeirra fjölmörgu ungu iðkenda okkar rati alla leið upp í meistaraflokka félagsins. HK er félag sem vill spila sem flestum uppöldum HK-ingum í meistaraflokkum og vera þekkt fyrir að gefa ungum leikmönnum tækifæri. Verkefni sem þarf að ráðast í nú er að móta stefnu knattspyrnudeildar HK í afreksmálum. Það er ekki þar með sagt að allt snúist um afreksþjálfun. Því á sama tíma má ekki gleyma félagslegu hlutverki klúbbsins en við vitum að íþróttaiðkun barna og unglinga hefur gríðarlegt forvarnargildi í samfélaginu. Þetta á samleið og er það okkar að finna og feta þá leið.

Það er ekki hægt að tala um starf knattspyrnudeildarinnar án þess að minnst á þá frábæru sjálfboðaliða sem eru innan okkar raða. Allt stjórnarfolk í knattspyrnudeild og barna- og unglingaráði, meistaraflokksráði karla og kvenna, allir þeir sem koma að öllum okkar leikjum í meistaraflokkum karla og kvenna ár eftir ár, sem m.a. eru í liðsstjórn eða sjá um framkvæmd leikjanna, aðilar sem koma að þeim mótum sem við höldum fyrir yngri flokka. Án þessa öfluga fólks væri þetta ekki hægt og þökkum við þeim kærlega fyrir þeirra framlag til félagsins. En betur má ef duga skal. Það er nefnilega undir okkur öllum komið að búa til stemmningu og auka slagkraft félagsins. Tökum saman þátt í því að fjölga sjálfboðaliðum innan okkar raða. Fyrir áhugasama hvetjum við ykkur að hafa samband við skrifstofuna eða okkur í stjórn knattspyrnudeildarinnar.

Ég vil þakka Kópavogsbæ, KSÍ og aðalstjórn HK fyrir gott samstarf og stuðning, meðstjórnendum

mínum í stjórninni fyrir samstarfið en stjórn knattspyrnudeildar HK tekur virkan þátt í verkefnum deildarinnar sem er mjög mikilvægt. Mig langar að þakka fjórum öflugum aðilum sérstaklega fyrir vel unnin störf síðustu árin. Fyrst vil ég þakka Davíð Frey Albertssyni, fyrrverandi varaformanni stjórnar, en hann hefur verið mjög öflugur stjórnarmaður og unnið ötullega að framgangi félagsins til margra ára. Einnig vil ég þakka Ólafi Karli Eyjólfssyni, fyrrverandi ritari, Hilmari Rafni Kristinssyni, meðstjórnanda og Eiríki Ölundarsyni meðstjórnanda, sem luku sínum formlegu störfum í þágu knattspyrnudeildar á síðasta ári. Við þökkum þessum herraönnum fyrir allan tímann sem þeir gáfu í þágu félagsins sem og reynsluna og drifkraftinn sem þeir komu með að borði stjórnarinnar. Þrátt fyrir brotthvarf þessara einstaklinga úr stjórninni þá veit ég að við munum sjá þá á vellinum í sumar að styðja við bakið á okkar liðum eins og áður.

Nýr framkvæmdastjóri HK kom til starfa á nýju ári, Sandra Sigurðardóttir, ásamt nýjum íþrótt- og markaðsstjóra, Arnóri Ásgeirssyni, og hlökkum við til að eiga gott samstarf með þeim báðum. Að sama skapi þá þökkum við fráfarandi framkvæmdastjóra, Hönnu Cörlu Jóhannsdóttur, fyrir samstarfið og óskum henni velfarnaðar á nýjum vettvangi. Einnig fengum við nýjan verkefnastjóra, Kristján Ara Halldórsson, sem byrjaði sumarið 2023 og hefur hann styrkt okkar starf.

Að lokum vil ég þakka starfsmönnum á skrifstofu HK og öðrum starfsmönnum í Kórnum fyrir gott samstarf. Einnig vil ég koma á framfæri miklu þakklæti til þjálfara og aftur þeirra fjölmörgu sjálfboðaliða sem hafa unnið fyrir deildina beint eða óbeint á árinu. Síðast en ekki síst vil ég þakka öllum þeim styrktaraðilum sem hafa lagt deildinni lið á árinu, en framlag þeirra er nauðsynlegt í rekstri knattspyrnudeildarinnar - og hvetjum þá til að koma á völinn í sumar! Við erum #liðfólksins og því hlakka ég til að sjá ykkur öll á vellinum í sumar – áfram HK!

Stjórn knattspyrnudeildar

Hjörtur Þór Steindórsson, formaður



SKÝRSLA BARNA- OG UNGLINGARÁÐS KNATTSPYRNUDEILDAR

Stjórn Barna- og unglingaráðs knattspyrnudeildar skipuðu á starfsárinu:

Sigurður Garðar Flosason Formaður
Á. Örvar Jónsson Meðstjórnandi
Þorvar Hafsteinsson Meðstjórnandi

Sigurros L. Grétarsdóttir Meðstjórnandi

Árið 2023 hjá BUR fór í það að efla yngri flokka starfið enn frekar og var unnið markvisst að því að hafa metnaðarfull og öflug þjálfarateymi í öllum yngri flokkum sem sinnt geta hverjum iðkenda á sem bestan hátt og mögulegt er. Unnið hefur verið að því með yfirþjálfara yngri flokkana að öllum iðkendum sé mætt með það í huga að allir eiga rétt á að verða betri í knattspyrnu burtséð frá getu og þroska hvers iðkenda. Hafa þarf grunnildin í lagi sem eru að fótbolti á að vera leikur, skemmtileg og heilbrigð tómstund.

Lagt hefur verið í töluverðan kostnað að efla þjálfun og þjónustu við yngri flokkana. Lögð var áhersla á að hafa yfirþjálfara sem eingöngu sinnti því mikla starfi án þess að vera einnig að þjálfa í yngri flokkunum og hefur það sýnt gildi sitt nú þegar. Kröfur og óskir voru gerðar frá þjálfurum, iðkendum og foreldrum um að efla þurfi styrktar- og þolþjálfun yngri flokkana og að leitað væri eftir því að spilaður yrði fótbolti á hinum hefðbundnu knattspyrnuæfingum og allar þol- og styrktaræfingar væru utan hefðbundins æfingatíma. Var því leitað til Ragnars Mar Sigrúnarsonar sem var starfandi sem þjálfari og þol- og styrktarþjálfari Íslandsmeistara 3. flokks karla árið 2022 - og sneri hann aftur til félagsins eftir skamma dvöl í Vestmannaeyjum.

Ánægjukönnun var gerð snemma á árinu 2023 og komu fram upplýsingar þar sem gáfu til kynna að yngri flokka starfið væri á mjög góðum stað og það væri verið að mæta að mestu kröfum iðkenda og aðstandenda þeirra innan yngri flokka starfsins.

Áframhald hefur verið á svokölluðum “þjálfaradegi” sem haldnir eru tvisvar sinnum á

ári. Þar er lögð áhersla á að efla tengsl þjálfara deildarinnar, áherslur yfirþjálfara kynntar þjálfurum og fyrirlesarar koma í heimsókn. Á síðasta þjálfaradegi var Viðar Halldórsson félagsfræðingur og dósent við HÍ fenginn til að vera með fyrirlestur um afreksmál íþróttafélaga. Þar kom sterkt fram að stefna BUR og yfirþjálfara er á góðum stað og mikilvægt er að halda í við þau gildi að “fótbolti sé fyrir alla” þ.e.a.s. að í þjálfun yngri flokkana sé einblínt á að allir iðkendur fá sömu þjálfun og athygli frá þjálfurum, jöfn tækifæri sem fer eftir þroska og getu hvers og eins. Einblína á að styrkja hópinn í stað þess að einblína á einstaklinga.

BUR bauð upp á sumarmót þann 9. júlí 2023 fyrir 8. flokk drengja og stúlkna á Salavellinum. Var það mjög vel sótt af liðum af höfuðborgarsvæðinu. Tilgangur mótsins var tvenns konar, þ.e. að gefa yngstu iðkendum knattspyrnunnar færi á að spreyta sig og einnig að auka við sýnileika HK í Salahverfinu og undirstríka að börn og ungmenni þaðan séu ávallt velkomin í sitt hverfisfélag til æfinga. Mótið vakti mikla lukku og er komið til að vera.



BUR vill nýta tækifærið og að þakka Hönnu Cörlu, fyrrum framkvæmdastjóra HK, fyrir samstarfið



undanfarin ár og óska henni alls hins besta í því sem hún tekur sér fyrir hendur í framtíðinni. Á sama tíma bjóðum við velkomin þau Söndru Sigurðardóttur, sem nýjan framkvæmdastjóra félagsins, Arnór Ásgeirsson sem íþrótta- og markaðsstjóra HK og Kristján Ara Halldórsson, verkefnastjóra deildarinnar, til starfa hjá félaginu. Hlökkum við til að eiga gott samstarf við þau í framtíðinni.

Hópurinn sem skipar BUR hefur verið samhentur og samstarfið með besta móti. Núverandi ráð hefur ákveðið að gefa kost á sér áfram. Við viljum samt taka fram að við fögnum öllum

nýjum meðlimum og hvetjum því hér með HK-inga að taka þátt í þessu skemmtilega starfi.

Fyrir hönd BUR vil ég að lokum þakka öllum; starfsfólki, þjálfurum, iðkendum og foreldrum fyrir samstarfið á liðnu ári. Ég horfi með mikilli tilhlökkun til samstarfsins í BUR á því tímabili sem framundan er.

**Stjórn barna- og unglíngaráðs
knattspyrnudeildar**

Sigurður Garðar Flosason, formaður





SKÝRSLA BLAKDEILDAR

Deildarstjórn skipuðu á starfsárinu:

Laufey B. Sigmundsdóttir	Formaður	Rakel Ármannsdóttir	Varaformaður
María Guðmundsdóttir	Gjaldkeri	Anna Kristjánsdóttir	Ritari
Máni Matthíasson	Meðstjórnandi	Egill Júlíusson	Meðstjórnandi
Arna Sólrún Heimisdóttir	Meðstjórnandi	Hulda Björgvinsdóttir	Meðstjórnandi

Allir stjórnarmeðlimir eru með í það minnsta árs reynslu af stjórnarstörfum svo skipulag og utanumhald hefur gengið mun betur í vetur en árið þar á undan þegar miklar og stórar breytingar urðu í einu.

Aðstaða

Starf meistaraflokkanna fer að mestu leyti fram í Digranesi við topp aðstæður og kemur það sér vel að geta æft á tveimur rúmgóðum völlum í einu, hvor um sig í hálfum sal, og eru allar kröfur uppfylltar um lofthæð og rými í kringum velli. Meistaraflokkarnir geta því æft samtímis á fullum velli og hægt er að nýta húsið mjög vel. Fyrstu deildar liðin okkar, sem eru fimm talsins fá einnig öll eina æfingu þar í hálfum sal á fullum velli en æfa að öðru leyti í Fagralundi. Meistaraflokkarnir fá einnig afnot af lyftingaraðstöðu Kraftlyftingardeildar Breiðabliks en eru liðin þó skuldbundin til að æfa utan annatíma kraftlyftingadeildarinnar, sem takmarkar notkunina mikið.

Fagrilundur er einnig gríðarlega mikilvægur fyrir starf blakdeildarinnar og megum við alls ekki við því að missa fleiri tíma þar. Yngri flokkarnir okkar æfa þar ásamt flestum æfingum neðri deilda og erum við enn og aftur með þann lúxusvanda að vera búin að sprengja utan af okkur plássið og tímana vegna mikillar aðsóknar. Blakdeild HK hefur verið að taka vel á móti nýjum iðkendum á öllum aldri í starfið og hefur það skilað sér í mikilli fjölgun í deildinni og erum við stolt af þessum hluta starfseminnar. Það er ekki eingöngu einblínt á afreksstarf heldur einnig verið að gefa fólki kost á að stunda íþróttina með lýðheilsuáhrifum í huga. Í yngri flokkunum fjölga stöðugt og er gríðarlegur fjöldi iðkenda á hverjum velli á flest öllum æfingum. Við erum komin með feikilega stóran hóp af flottum og efnilegum unglíngum svo það væri mikilvægt fyrir okkur að fá aftur inn æfingar á mánudagskvöldum í Fagralundi.

Í lok árs 2023 voru allar HK merkingar teknar af í Digranesi en það var ákvörðun Kópavogsbæjar



að fjarlægja merkingar íþróttafélaganna á húsum sem ekki eru rekin af félögunum sjálfum. Það er mikil afturför að heimavöllurinn sýni ekki nokkur merki um HK og er það okkar mat að frekar ætti að merkja húsin fleiri en einu félagi, þar sem það á við. Öll liðin græða á samstöðu og samvinnu og virðist þetta einmitt vera andstætt þeirri stefnu sem HK, Breiðablik og Gerpla eru að sýna með því að halda Kópavogsbliðið saman. Í mörgum tilfellum eru einstaklingar og fjölskyldur að æfa mismunandi greinar með mismunandi félögum og í því liggur fegurðin.

Einnig hafa bikarar og verðlaunagripir blakdeildarinnar engan sérstakan stað. Töluvert af bikurum eru á efri hæðinni í Fagralundi, þar sem fáir sjá þá, eitthvað er í geymslu blakdeildar og einnig höfum við farið með eitthvað af bikurum í Kórinn en þeim hefur ekki verið fundinn staður ennþá. Vissulega væri að hluta til gaman að hafa þá með bikurum annarra deilda en til þess þyrfti að stækka bikaraskápa í Kórnum en einnig væri skemmtilegt fyrir iðkendur okkar, og þá sérstaklega yngri flokkana að geta séð fyrri afrek blakdeildar því við eigum þónokkra titla í gegnum tíðina.



Heimaleikir

Á vorönn 2023 voru heimaleikir úrvalsdeildanna spilaðir í Digranesi en heimaleikir 1. deildar liðanna og U20 deildar karla í Fagralundi. Á nýju tímabili að hausti færðum við alla heimaleiki blakdeildarinnar í Digranes svo til viðbótar við meistaraflokksleiki í úrvalsdeildinni bættust við

heimaleikir allra þeirra fimm liða sem við teflum fram í 1. deild. Þrjú liðanna eru alfarið skipuð U20 leikmönnum og nánast líka fjórða liðið af þessum fimm.

Vel hefur gengið að forðast það að fella niður æfingar annarra hópa vegna heimaleikja en úrvaldsdeildarliðin hafa verið að spila á sínum æfingatímum á miðvikudögum og laugardögum, auk einstaka föstudaga en flest allir leikir fyrstu deildanna hafa verið spilaðir á sunnudögum, allt upp í 3 leikir á dag. Það er gríðarlega mikilvægt fyrir okkur að geta haldið starfinu áfram í öðrum hópum þótt einhverjir séu að keppa en öll keppnislið innan blakdeildarinnar skipta með sér umsjónum á leikjum liðanna að einhverju leyti.

Íslandsmót Blaksambands Íslands

Blakdeild HK átti alls 17 lið á Íslandsmóti BLÍ tímabilið 2022-2023 og er það því aftur fjölgun um eitt lið frá árinu áður. Tvö lið kepptu í úrvaldsdeild, karla- og kvennalið. Þrjú kvennalið kepptu í 1. deild kvenna og var eitt þeirra skipað leikmönnum U18. Einnig var HK með 2 lið í U20 & 1. deild karla. Fjögur lið kepptu í neðri deildum karla og sjö lið í neðri deildum kvenna. Lið HK U, skipað leikmönnum 18 ára og yngri, urðu Íslandsmeistarar í 4. deild kvenna.

Meistaraflokkur kvenna gerði sér lítið fyrir og varð Meistari meistaranna að hausti 2023 eftir að hafa unnið þrefalda meistarana KA en kvennaliðið varð í 2. sæti í bikarúrslitum 2023. Liðið var einnig verðlaunað í lok árs sem lið ársins hjá HK og er það mikill heiður.

Blakmaður HK var Tómas Davidsson en hann var einnig valinn í draumaliðið á NEVZA U19 landsliða, kosinn bestur af íslensku leikmönnum. Blakkona HK var Arna Sólrún Heimisdóttir en hún var einnig valin íþróttakona HK.



Mótahald HK og aðrar fjáraflanir

Mótahald HK er gríðarlega mikilvæg fjáröflun fyrir allt starf innan blakdeildarinnar. Árið hófst á HK trimm í janúar, í mars héldum svo við Íslandsmót neðri deilda fyrir 4. deild kvenna og helgina eftir, einnig í mars, héldum við einnig U20 mót karla. Á haustönn héldum við ekki nein mót því öll mót sem við fengum úthlutað fyrir þetta tímabil voru á vorönn 2024.

Auk mótanna tekur deildin þátt í margvíslegum fjáröflunum. Í janúar unnu leikmenn í fatahengi og í sal á Kópavogsbblótinu, sem haldið var í Kórnum. Það voru vörutalningar í Bónus í febrúar og aftur í ágúst. Leikmenn voru með byrjendablaksnámskeið bæði á vorönn og svo aftur á haustönn. Mánaðarlega eggjasalan hélt áfram líkt og síðustu ár, allt þar til í ágúst þegar við misstum eggjabóndann en þar með datt út mjög mikilvæg fjáröflun fyrir deildina. Farið var í fjáröflun með Norðanfiski í nóvember, leikmenn keyrðu út vörur fyrir Dropp fjölda daga í nóvember og desember og loks var einnig klósettpappírssala í desember.

Þjálfaramál

Við erum með gríðarlega gott þjálfarateymi innan blakdeildar HK og búum við að mikilli reynslu og góðri samvinnu þjálfaranna. Meistaraflokksþjálfarar koma að yngri flokka þjálfun og yngri flokka þjálfarar koma að meistaraflokksþjálfun. Massimo Pistoia hélt áfram með meistaraflokk karla. Máni Matthíasson tók svo við U20 liðum karla og hefur verið þónokkuð mikil fjölgun í þessum hópi og eru bæði Máni og Massimo að gera mjög góða hluti með þessa ungu leikmenn.

Bryan Silva Grisales, kólumbíski þjálfarinn sem kom til okkar í lok árs 2022, hélt áfram með meistaraflokk kvenna tímabilið 2023-2024. Hann er með mikla þjálfun hjá okkur og er að þjálfar U12, U14 og U16 yfir daginn auk þess sem hann er með eitt af neðri deildar liðunum. Bjarki Benediktsson er svo að þjálfar U20 kvenna en hópurinn er með tvö lið í fyrstu deild og sem gefur mikið rými fyrir vöxt leikmanna. Emil Gunnarsson og Máni Matthíasson sjá um U16

kvenna auk U14 en Bryan sér um að þjálfar byrjendur í þessum hópum.

Í neðri deildum kvenna eru nokkrir þjálfara, Bryan Silva Grisales, Brimrún Björgólfsdóttir, Rakel Ármannsdóttir, Mateusz Rucinski og Alexander Juszczyński.

Strandblak og strandblaksaðstaða í Fagralundi

Mikil ánægja er með strandblaksvellina og aðstöðuna í Fagralundi og hafa vellirnir okkar verið vel nýttir frá vori og vel fram á haust. HK sótti um að halda tvö stigamót síðastliðið sumar og héldum við stigamót 2 í lok júní og stigamót 5 í lok júlí og gengu mótin glimrandi vel og innkoma var góð. Einnig voru vellirnir nýttir í sumarstarfi yngri flokkanna. Það myndi bæta aðstöðuna verulega að fá rennandi vatn og klósettaðstöðu við vellina. Einnig væri mjög gott ef hægt væri að komast í rafmagn á keppnissvæðinu.



Áfram eru margir iðkendur í strandblaki úr röðum HK og er HK-ingurinn Hjördís Eiríksdóttir núverandi Íslandsmeistari ásamt meðspilara sínum. Þriðja sætið kvenna megin voru einnig HK-ingar, þær Þórdís Guðmundsdóttir og Laufey Björk Sigmundsdóttir. Karlamegin voru það svo Hermann Hlynsson og Bjarki Benediktsson sem héldu uppi merkjum HK í 2. sætinu en Hermann varð einnig stigameistari karla.

Leikmannamál

Meistaraflokkur kvenna missti út þrjá reynslumikla leikmenn í upphafi tímabils 2023-2024 en inn komu fleiri leikmenn sem voru að stíga upp úr yngri flokkum. Einnig halda ungu

leikmennirnir okkar áfram að vaxa og dafna og aftur skriður liðið hægt upp á við.

Lið meistaraflokks karla breyttist helling en um sex leikmenn frá fyrra tímabili hættu ýmist alveg eða minnkuðu mjög mikið við sig. Þá voru færðir upp tilbúnir og duglegir yngri strákar úr U20 flokknum. Við erum með spennandi efnivið í ungu leikmönnum okkar sem eru farnir að taka stór skref upp á við og spila stærri hlutverk og eru að standa sig mjög vel. Yngri leikmennirnir, flestir á menntaskólaaldri, voru að spila sína fyrstu leiki í úrvalsdeildinni í vetur og sýndu góða spilamennsku ásamt þrúðmennsku gagnvart dómurum, andstæðingum, áhorfendum og liðsfélögum.

Hollvinir blakdeildar HK - HK blakarar

Áfram er hægt að vera Hollvinur blakdeildar HK í gegnum Sportabler og færum við þeim öllum hjartans þakkir fyrir stuðninginn. Markmiðið er að efla og styðja við allt starf innan blakdeildar HK en þó sérstaklega við meistaraflokka og barna- og unglingastarf. Næstkomandi tímabil viljum við setja aukinn kraft í að safna hollvinum og færa þá alfarið yfir á Stubb. Núna er hægt að vera skráður bæði í gegnum Sportabler og Stubb en við vildum ekki hringla á miðju tímabili í þeim sem voru ennþá skráðir í gegnum Sportabler.

Að lokum

Eins og fyrr er öll starfsemi blakdeildar HK byggð á sjálfbærliðastarfi og í ljósi gríðarlega mikillar starfsemi deildarinnar hefur það verið umfangsmikið starf, verkefni eru margvísleg og sum þeirra töluvert krefjandi. Stjórnin er þakklát fyrir alla sjálfbærliða sem hafa lagt sig fram við að gera hlutina vel og einnig er gott samstarf iðkenda og þjálfara. Við erum í stöðugri endurskoðun á því hvernig við getum betrubætt starfið okkar og skiptum með okkur verkefnum til að dreifa álagi. Við eigum flottan og kraftmikinn hóp sem vinnur vel saman og viljum við þakka öllum þeim sem komið hafa að starfinu innilega fyrir.

Framundan er svo öldungamót sem HK heldur í Kórnum í byrjun maí 2025. HK hélt síðast öldungamót árið 2022, Stuðboltann, þar sem mótið var einnig spilað allt undir sama þaki ásamt kvöldskemmtunum og lokahófi. Sú vinna er því enn í fersku minni svo við erum komin í startholurnar með næsta mót. Eins og staðan er núna er blakdeild HK með um 13% allra skráðra iðkenda í mótum á vegum Blaksambandsins eða yfir 250 einstaklinga.

Stjórn blakdeildar

Laufey Björk Sigmundsdóttir, formaður



SKÝRSLA BARN- OG UNGLINGARÁÐS BLAKDEILDAR

Stjórn Barna- og unglingaráðs var skipuð þannig á starfsárinu:

Hulda Björgvinsdóttir Formaður
Þóra Matthildur Þórðardóttir Meðstjórnandi
Búi Vilhjálmur Guðmundsson Meðstjórnandi

Natalia Ravva Meðstjórnandi
Kristján Pálsson Meðstjórnandi

Bikarmót

Fyrsta mót ársins var bikarmótið á Akureyri sem fór fram í febrúar, það er mót sem flestir iðkendur sækja þar sem keppt er í öllum flokkum nema U12. Á mótið fóru rúmlega 70 iðkendur félagsins, samtals 9 lið, eitt u14 kvk, þrjú U16 kvk, tvö u20 kvk og eitt í hverjum flokki kk. Liðin stóðu sig mjög vel á mótinu og urðu U14 strákar og U20 stelpur bikarmeistarar.



Íslandsmót

U20 hópar eru með fjögur lið skráð í 1. deild, tvö kvenna og tvö karla. Nýtt fyrirkomulag deildarinnar gerir ráð fyrir skiptingu í norður-suður og spila liðin þá staka leiki yfir tímabilið innan síns landshluta. Tvö helgarmót eru svo haldin þar sem liðin mætast þvert á landshluta. U20 kvk er einnig með eitt lið í neðri deildum sem vann sig upp úr 4. deild um vorið og spilar því í 3. deild á nýju tímabili.

Heimaleikir U20 hópa fara fram í Digranesi á sunnudögum og er því upplagt að mæta þangað og horfa á leiki.

Fyrri hluti Íslandsmóts U12/14/16 hópa fyrir tímabilið 2023-2024 fór fram hjá Aftureldingu í

nóvember. Þar voru þrjú U12 lið mætt til leiks. Þau áttu frábæran dag og endaði eitt liðið í 3. sæti.

Seinni hluti Íslandsmóts U16 kvenna og karla og U14 karla fór fram á Ísafirði í maí og þangað mættu sex lið; þ.e. fjögur í flokki U16 kvk, eitt U14 kk og eitt U16 kk lið. U14 strákarnir náðu frábærum árangri og urðu Íslandsmeistarar í sínum flokki. Bæði U16 lið stráka og stelpna lentu í 3. sæti.



Íþróttahátíð HK

Í janúar sl. var íþróttahátíð HK haldin. Þar af var blakfólk HK valið fyrir árið 2023 í flokki ungmenna: Halla Marín Sigurjónsdóttir og Markús Freyr Arnarsson.

Þjálfarar

Að hausti urðu breytingar á þjálfarateymi hópsins, Máni Matthíasson sem hafði áður verið aðstoðarþjálfari tók við U16/20 hópi pílta með tvö lið í 1. deild. Aðrir þjálfarar sem héldu áfram yfir á næsta tímabil voru Emil Gunnarsson með U14/16, Bryan Silva með U12/14/16 og Bjarki Benediktsson með U20 kvk.

Unnið hefur verið að því að koma styrktarþjálfun betur inn í dagskrá hópanna. U20 hópunum bauðst að taka þátt í styrktarþjálfun hjá Jóhanni Birni Guðmundssyni sem hefur sérhæft sig í styrktarþjálfun fyrir blak og fóru æfingarnar fram í lyftingaraðstöðunni í Kórnum. Styrktarþjálfun hefur líka verið bætt inn í yngri hópana og eru þá gjarnan við lok hvernar æfingar og fer þá fram í Fagralundi. Þar mætti gjarnan bæta aðstöðuna svo hægt væri að bjóða upp á fjölbreyttari æfingar.

Sumarstarf blaksins

Oft hefur þótt verið talin þörf á því að lengja æfingátímabilið þar sem 3 mánaða sumarfrí hefur verið talið óþarflega langt. Því var gerð tilraun með að bjóða upp á sumaræfingar fyrir U14/16/20 hópa, æfingar í júní fram í miðjan júlí. Námskeiðin voru í umsjón Bryans og voru mjög vel sótt, hluti þeirra fór fram á strandblaksvöllunum við Fagralund og var gaman að geta nýtt þessa frábæru aðstöðu í starfinu. Námskeiðið var öllum opið, einnig iðkendum annarra félaga þó langmestur hluti þeirra væru innan félags. Mikil ánægja var með æfingarnar og er þetta fyrirkomulag því komið til að vera.



Sex vikulöng námskeið voru haldin í júní og ágúst á morgnana fyrir krakka 14 ára og yngri og voru þau í umsjón Bryans. Þessi námskeið voru hluti af skipulögðu námskeiðahaldi sem HK býður upp á á sumrin í samstarfi við Kópavogsbæ. Námskeiðin hafa ekki verið svo mörg áður og því

var óvíst hvernig þátttakan yrði en hún var framar vonum og alltaf um og yfir tíu þátttakendur á hverju þeirra.

Í lok júlí hélt hópur U20 stelpna til Suður-Ítalíu í æfingabúðir. Ferðin þótti gagnleg og ekki síður skemmtileg og því er stefnt að því að fara með stærri hóp í þessar búðir síðar.

Að lokum

Við upphaf nýs tímabils var ákveðið að hækka æfingagjöldin í öllum flokkum enda ekki hægt að halda úti starfinu með góðu móti. Horft var til æfingagjalda annarra deilda HK, þrátt fyrir töluverða hækkun voru iðkendum blakdeildarinnar að greiða lægri gjöld en sambærilegar deildir, þrátt fyrir lengra æfingátímabil og lengri æfingar.

Iðkendum hefur fjölgað jafnt og þétt og hefur meðalaldur þeirra hækkað enda stórir árgangar að fara inn í U20 hópa. Aukinn áhugi virðist líka vera hjá eldri iðkendum. Við gerum því ráð fyrir að bæta við byrjendahópi fyrir þennan aldursflokk.

Ýmsar nýjungar hafa verið til reynslu á árinu, æfingátímabilið var lengt, byrjaði um miðjan ágúst í stað byrjun september, sumarnámskeiðin voru mun fleiri en áður, sumaræfingar í boði fyrir alla hópa U14 og eldri, styrktarþjálfun bætt inn í dagskrá flestra hópa og æfingabúðir erlendis. Mikil ánægja hefur verið með þessar viðbætur við starfið og gerum við ráð fyrir því að halda áfram á sömu braut.

Fyrir hönd Barna- og unglingaráðs,

Hulda Björgvinsdóttir



SKÝRSLA BORÐTENNISDEILDAR

Deildarstjórn skipuðu á starfsárinu:

Örn Þórðarson formaður
Reynir Georgsson ritari
Victor Berzoi gjaldkeri

Björn Gunnarsson meðstjórnandi
Bjarni Bjarnason meðstjórnandi
Eva Benediktsdóttir meðstjórnandi

Á tímabilinu æfði góður hópur barna, unglunga og fullorðinna hjá Borðtennisdeild HK.

Evrópukeppni félagsliða

HK tók þátt í Evrópukeppni Ettu trophy í fyrsta sinn í sögu deildarinnar. Keppnin fór fram í Lettlandi og voru þátttakendur auk HK frá Lettlandi, Eistlandi, Póllandi og Portúgal. Pólverjarnir sigruðu riðilinn og Portúgalar urðu í öðru sæti.

Lið HK skipuðu Björgvin Ingi Ólafsson, Óskar Agnarsson og Örn Þórðarson auk Bjarna Þ. Bjarnasonar þjálfara.

Íslandsmót liðakeppni.

HK endaði í fjórða sæti í fyrstu deild og lék gegn deildarmeisturum KR í úrslitakeppninni og tapaðist leikurinn 6-0. Lið HK skipuðu Bjarni Þ. Bjarnason, Björn Gunnarsson og Óskar Agnarsson.

HK B lék í annarri deild og lenti þar í öðru sæti á eftir KR B sem sigraði deildina. Lið HK skipuðu Björgvin Ingi Ólafsson, Viktor Bersoi, Reynir Georgsson og Örn Þórðarson. Lið HK C lék einnig í annarri deild á tímabilinu.

Lið HK D lék í þriðju deild á liðnu tímabili og stóð sig með sóma.

Íslandsmót unglunga

Darian Adam Róbertsson fékk silfur bæði í einliða og tvíliðaleik á Íslandsmótinu í flokki 16-18 ára Íslandsmót fatlaðra.

Íslandsmót fatlaðra

Hákon Atli Bjarkason vann alla titla sem í boði voru á Íslandsmóti ÍF. Magnús Guðjónsson varð annar í sínum flokki og var valinn til að keppa fyrir Íslands hönd á Heimsleikum Special Olympics þar sem hann vann gull og silfurverðlaun.



Hákon Atli keppti einnig á fjölda móta erlendis á árinu.

Íslandsmót fullorðinna

Íslandsmót fullorðinna fór fram í mars 2023 og var árangur þar góður.

Íslandsmót öldunga

HK-ingar fengu þrjá titla á Íslandsmóti öldunga:

- 40-49 einliðaleikur Örn Þórðarson
- 40-49 tvíliðaleikur Örn Þórðarson og Reynir Georgsson
- 50-59 tvíliðaleikur Bjarni Þ Bjarnason ásamt Kristjáni Jónassyni Víkingi

Landslið

Darian Adam Róbertsson var valinn til þátttöku með unglingslandsliði og keppti í Noregi og stóð sig með þryði

Óskar Agnarsson og Björn Gunnarson tóku þátt í æfingum A-landsliðsins og stóðu sig vel



Aðstaða

HK æfir og keppir í íþróttahúsi Snælandsskóla sem hentar ágætlega fyrir borðtennisíþróttina en þar er aðgengi fyrir fatlaða ábótavant eins og bent hefur verið á.

Stjórn Borðtennisdeildar



SKÝRSLA DANSDEILDAR

Deildarstjórn skipuðu á starfsárinu:

Ólafur Már Hreinsson	Formaður
Heiðrún S. Níelsdóttir	Varaformaður
Björg Guðjónsdóttir	Meðstjórnandi
Jóhanna Ósk Jónasdóttir	Meðstjórnandi
Haukur Ragnarsson	Meðstjórnandi

Síðasta starfsár var fimmtánda heila árið í starfi Dansdeildar HK og gekk það mjög vel.

Pör frá dansdeildinni tóku þátt í öllum mótum sem völ var á hér á landi og erlendis.


Á síðasta starfsári var haldið áfram með það fyrirkomulag að Adam og Karen Reeve kenndu tvisvar sinnum í viku. Einnig hefur mikil fjölgun orðið í byrjendum og barnahópnum okkar sem er mjög gleðilegt þar sem það mun stækka keppnishópinn okkar til framtíðar.

Starfsemi deildarinnar fer fram í Íþróttahúsinu Digranesi en áfram er unnið að því að deildin fái varanlega aðstöðu en haustið 2020 þurfti deildin að færa sig frá Fagralundi sem var í raun kjör æfingaraðstaða og er ennþá leitað að sambærilegum sal.



Æfingagjöldum deildarinnar var haldið að mestu óbreyttum á milli ára.

Fjárhagslegur rekstur deildarinnar gekk vel á árinu, lítilsháttar tap var af rekstrinum en eigið fé deildarinnar er rétt yfir 600 þús. kr.



Meginstörf stjórnarinnar voru:

- a) hagsmunagæsla fyrir deildina gagnvart aðalstjórn HK,
- b) hagsmunagæsla fyrir deildina gagnvart DSÍ,
- c) að halda utan um fjárhag deildarinnar.

Danskennarar deildarinnar eru:

- Esther Inga Nielsdóttir yfirkennari
- Rakel Guðmundsdóttir
- Niels Einarsson
- Adam Reeve
- Karen Reeve
- María Tinna Hauksdóttir
- Gylfi Már Hrafnsson
- Sigrún Rakel Ólafsdóttir
- Birgitta Björnsdóttir
- Björn Ragnarsson

Vill stjórn deildarinnar þakka þeim gott samstarf á árinu.

Stjórn dansdeildar

Ólafur Már Hreinsson

Formaður



SKÝRSLA BANDÝDEILDAR

Deildarstjórn skipuðu á starfsárinu:

Anna Lea Friðriksdóttir formaður
Ólafur B. Sveinsson varaformaður
Anna Þóra Pétursdóttir gjaldkeri
Freydís S. Guðmundsdóttir ritari

Arnar Þórðarson meðstjórnandi
Katrín M. Haig Konráðsdóttir meðstjórnandi
Martin Smedlund meðstjórnandi

Í ársbyrjun 2023 voru 5 flokkar virkir hjá bandýdeildinni; krakkaflokkur 10-13 ára, unglingsflokkur 13-16 ára, spilhópur karla 16 ára og eldri, spilhópur kvenna 16 ára og eldri og meistaraflokkur en í honum æfa kk og kvk á meistaraflokksstigi saman. Allir flokkarnir voru starfandi í Digranesi. Staðan í flestum flokkum var prýðileg, iðkendafjöldi ágætur og æfingar gengu vel. Talsverð aukning er á iðkendum í yngsta flokkinum en margir úr unglingsflokki fóru upp í 16 ára og eldri flokk.

Opnir nýliðatímar voru haldnir fyrir konur 16 ára og eldri sem skiluðu sér í auknum fjölda leikmanna í kvennaflokki og kynningarstarfið gerði að verkum að hægt er að halda úti sérstökum spilhópi fyrir konur á bæði mánudögum og fimmtudögum. Talsvert brottfall hafði verið hjá kvenkyns iðkendum í kringum covid-árin en nú hefur kvennaflokkurinn safnað vopnum sínum á nýjan leik.

Keppnisleikir voru aðallega á milli HK og UMF Samherja á Akureyri enda eru ekki mörg lið sem spila á meistaraflokksstigi á Íslandi. Yngri flokkarnir voru í samstarfi við íshokkilið landsins og kynntu liðin sér starfsemi hvers annars. Haldið var opið mót í Digranesi í apríl en þar mættu til leiks fjöldi liða sem spilar bandý víðs vegar um land og var mikil ánægja með mótið. Fjöldi leikmanna sem tóku þátt í mótinu voru um 100.

Líkt og undanfarin ár vorum við með sumaræfingar nema yfir hásumarið. Þær gengu vel og það er alltaf góð stemming á sumaræfingunum. Æfingar fóru fram í Digranesi. Á sumaræfingum spila saman unglingar og fullorðnir iðkendur og spila kvk og kk saman á þessum æfingum til að nýta vel æfingatímann sem býðst.



Tímabilið hófst á ný í byrjun september. Yngri flokkarnir komu vel undan sumarfríi, mikil fjölgun var í krakkaflokki en fækkun í unglingaflokki þar sem margir færðust upp um flokk. Búið er við að þetta jafnist út á komandi tímabili. Hjá fullorðnum héldu þær breytingar á meistaraflokksstarfinu sér að kvk og kk spila á sameiginlegum æfingum. Uppbygging í kvennastarfi gengur vel og iðkendum hefur fjölgað á nýjan leik.

Fulltrúar frá bandýdeild HK hafa einnig lagt stund á kynningarstarf til barna og ungmenna á grunnskólaaldri og heimsótt skóla til að kynna íþróttina og stýra leik og spili í

íþróttatímum. Einnig hafa fulltrúar frá bandýdeildinni komið með kynningar inn á sumarnámskeið hjá HK.

Íslenska karlalandsliðið í bandý er skipað fjölda leikmanna HK og íslenska kvennalandsliðið var stofnað á árinu og fór ásamt kk til Västerås í Svíþjóð og spilaði á móti. Á næsta tímabil tekur kvk-liðið þátt í fyrsta opinbera móti sínu í Finnlandi og mun liðið vera skipað um 70% leikmanna úr HK. Uppaldir leikmenn úr HK munu því vera áberandi í landsliðum beggja kynja sem er til vitnis um gæði starfsins í HK.

Í nóvember sá bandýdeild HK um skipulagningu og mótshald alþjóðlegs móts í Digranesi þar sem Bandaríkjamenn og Kanadamenn sóttu okkur heim og gekk utanumhald og framkvæmd afar vel.

Íþróttamaður ársins hjá Bandýdeild HK var að þessu sinni Ólafur Björgvin Sveinsson. Hann hlaut afgerandi kosningu fyrir óeigingjarnt starf sitt fyrir deildina, þjálfun yngri flokka og skipulagninu móta.

Stjórn bandýeildar

Anna Lea Friðriksdóttir
Formaður

HEIÐURSVIÐURKENNINGAR

STARFMERKI

Veitt þeim einstaklingi sem unnið hafa af trúnaði mikil og góð störf fyrir félagið. Veiting hennar skal bundin samróma samþykki Aðalstjórnar.

Aðalheiður Bjarnadóttir	2017	Knattspyrnudeild
Ásta Laufey Aðalsteinsdóttir	2017	Knattspyrnudeild
Baldur Már Bragason	2017	Knattspyrnudeild
Björn Ágúst Júlíusson	2015	Aðalstjórn
Björn Bergsson	2017	Knattspyrnudeild
Elsa Sæný Valgeirsdóttir	2017	Blakdeild
Eyrún Harpa Hlynsdóttir	2017	Blakdeild
Gunnar Þjóðólfsson	2015	Aðalstjórn
Hákon Hermannsson Bridde	2017	Handknattleiksdeild
Heiðís Ösp Ingvadóttir	2017	Blakdeild
Jóhannes Egilson	2017	Blakdeild
Karl K. Benediktsson	2017	Handknattleiksdeild
Kjartan Briem	2017	Knattspyrnudeild
Kristján Rafn Hjartarson	2017	Borðtennisdeild
Leifur Kristjánsson	2017	Knattspyrnudeild
Magnús Bollason	2017	Borðtennisdeild
Natalia Ravva	2017	Blakdeild
Rafnar Rafnarsson	2017	Handknattleiksdeild
Sigurður Viðarsson	2015	Aðalstjórn
Torfi Jóhannsson	2017	Blakdeild
Viggó Magnússon	2015	Aðalstjórn
Þorgeir Lárus Árnason	2015	Aðalstjórn
Þorsteinn Gunnar Guðnason	2017	Blakdeild
Þorsteinn Hallgrímsson	2017	Knattspyrnudeild

SILFURMERKI

Veitt þeim einstaklingi sem hefur setið í stjórn deilda eða félags í að minnsta kosti 10 ár. Unnið mjög óeigingjarnt starf innan félagsins í að minnsta kosti 10 ár. Keppt fyrir hönd félagsins (16 ára og eldri) og starfað í stjórnnum samtals í 20 ár.

Alexander Arnarson	2010	Aðalstjórn
Fyrir störf í aðalstjórn og sem formaður og leikmaður í handknattleik		
Andrea Gísladóttir	2009	Knattspyrnudeild
Starfað fyrir félagið frá því 1989		



Ásta Sigrún Gylfadóttir	2010	Blakdeild
Fyrir ósérhlífni í störfum að þjálfun barna og unglunga í blaki		
Ásta St. Eiríksdóttir	2010	Knattspyrnudeild
Fyrir störf að kvennaknattspyrnu stjórnarstörf		
Björg Erlingsdóttir	2011	Blakdeild
Fyrir störf að barna og unglíngastörfum		
Brynjar Júlíus Pétursson	2011	Blakdeild
Fyrir störf að þjálfun og eflingu blakíþróttar		
Einar Sigurðsson	2010	Aðalstjórn
Fyrir störf knattspyrnu og stjórnarstörf í aðalstjórn félagsins		
Einar Tómasson	2017	Aðalstjórn
Fyrir störf blakíþróttar og stjórnarstörf í aðalstjórn félagsins		
Guðlaug Þórhallsdóttir	2011	Knattspyrnudeild
Fyrir störf að málefnum knattspyrnu og leikmanna		
Gunnþór Hermannsson	2009	Aðalstjórn
Kemur frá ÍK búningastjóri HK frá því 1992		
Hafdís Ebba Guðjónsdóttir	2012	Handknattleiksdeild
Fyrir störf að þjálfun, stjórnun og eflingu handknattleiks		
Halldór Elvarsson	2017	Blakdeild
Fyrir störf að barna og unglíngastörfum		
Halldór K Valdimarsson	2010	Aðalstjórn
Fyrir störf knattspyrnuíþróttar og stjórnarstörf í aðalstjórn félagsins		
Heiðbjört Gylfadóttir	2010	Blakdeild
Fyrir störf að málefnum blakiðkunar		
Hilmar Rafn Kristinsson	2012	Knattspyrnudeild
Leikmaður, þjálfari og störf að málefnum knattspyrnu.		
Hilmar Sigurgíslason	2009	Handknattleiksdeild
Stofnfélagi, leikmaður, þjálfari og stjórnarmaður		
Hólmfríður Kristjánsdóttir	2017	Aðalstjórn
Fyrir störf knattspyrnu og stjórnarstörf í aðalstjórn félagsins		
Hörður Már Magnússon	2012	Knattspyrnudeild
Leikmaður og störf að málefnum knattspyrnu		
Ingibjörg Gunnarsdóttir	2010	Blakdeild
Fyrir störf að málefnum blakiðkunar og aðalstjórnar		
Karl Sigurðsson	2010	Blakdeild
Fyrir brautryðjendastörf að málefnum strandblaks		
Kristinn Briem	2010	Knattspyrnudeild
Fyrir störf að knattspyrnumálum stjórnunar og sem leikmaður		
Kristinn Gunnarsson	2009	Knattspyrnudeild
Starfað fyrir félagið frá því 1989 hefur setið unglíngaráði deildarstjórn og Aðalstjórn		
Kristinn Guðmundsson	2012	Handknattleiksdeild
Leikmaður, þjálfari og störf að málefnum handknattleiks		
Kristín Guðmundsdóttir	2009	Knattspyrnudeild
Stjórnarmaður unglíngaráðs og deildarstjórnar		
Laufey Guðmundsdóttir	2017	Aðalstjórn
Fyrir störf að málefnum félagsins		



Lilja Þórhallsdóttir	2011	Knattspyrnudeild
Fyrir störf að málefnum knattspyrnu og leikmanna		
Ómar Geir Þorgeirsson	2010	Aðalstjórn
Fyrir störf að íþróttamálum og störf í aðalstjórn félagsins		
Ómar Ingi Guðmundsson	2017	Knattspyrnudeild
Leikmaður, þjálfari og störf að málefnum knattspyrnu		
Ósk Kristinsdóttir	2017	Knattspyrnudeild
Leikmaður, þjálfari og störf að málefnum knattspyrnu		
Ragnar Gíslason	2017	Knattspyrnudeild
Þjálfari og störf að málefnum knattspyrnu.		
Ragnar Bogi Pedersen	2010	Knattspyrnudeild
Fyrir störf að málefnum knattspyrnu þjálfun og sem leikmaður		
Rúnar Einarsson	2010	Handknattleiksdeild
Fyrir störf að málefnum handboltaiðkunar		
Rögnvaldur Guðmundsson	2009	Handknattleiksdeild
Stjórnarmaður unglíngaráðs og deildarstjórnar		
Sigvaldi Einarsson	2010	Knattspyrnudeild
Fyrir störf að knattspyrnumálum stjórnunar og sem leikmaður		
Vilborg Guðmundsdóttir	2009	Aðalstjórn og Blakdeild
Stjórnarmaður deildarstjórnar og Aðalstjórnar		
Valdís Árnadóttir	2017	Handknattleiksdeild
Fyrir störf að málefnum handboltaiðkunar		
Vilhjálmur Gauti Bergsson	2017	Handknattleiksdeild
Fyrir störf að málefnum handboltaiðkunar og stjórnarsetu í Aðalstjórn		
Þórey Haraldsdóttir	2017	Blakdeild
Fyrir störf að málefnum blakiðkunar		

GULLMERKI

Veitt þeim einstaklingi sem hefur setið í stjórn deilda eða félags í að minnsta kosti 20 ár. Unnið mjög óeigingjarnt starf innan félagsins í að minnsta kosti 20 ár. Keppt fyrir hönd félagsins (16 ára eða eldri) og starfað í stjórnnum samtals í 25 ár.

Finnur Kristinsson	2010	Aðalstjórn
Stjórnarmaður aðalstjórnar og málefni handknattleiksíðkunar		
Gísli B. Kristjánsson	2000	Aðalstjórn
Stofnandi, stjórnarmaður aðalstjórnar HK		
Gunnþór Hermannsson	2015	Aðalstjórn
Fyrir ómetanlegt starf í þágu félagsins, sögu og búningamál		
Hólmfríður Kristjánsdóttir	2021	Aðalstjórn
Stjórnarmaður aðalstjórnar og óeigingjarnt starf í þágu félagsins		
Jón Ármann Héðinsson	2000	Aðalstjórn
Stofnandi, stjórnarmaður aðalstjórnar HK		
Kristinn Gunnarsson	2012	Aðalstjórn - Knattspyrnudeild
Fyrir störf sem leikmaður, stjórnarstörf unglíngaráða deildarstjórn og Aðalstjórn		
Kristinn Skæringsson	2000	Aðalstjórn
Stofnandi, stjórnarmaður aðalstjórnar HK		



Magnús Gíslason	2009	Aðalstjórn - Handknattleiksdeild
Stofnandi, stjórnarmaður unglíngaráðs og deildarstjórnar, varaformaður HK		
Ragnar Ólafsson	2011	Handknattleiksdeild
Leikmaður, þjálfari og fyrir störf að málefnum handknattleiks		
Ragnheiður Kolviðsdóttir	2021	Aðalstjórn
Stjórnarmaður aðalstjórnar og óeigingjarnt starf í þágu félagsins		
Víðir Sigurðsson	2009	Aðalstjórn - Knattspyrnudeild
Leikmaður ÍK, stjórnarmaður unglínga og deildarstjórnar		

HEIÐURSMERKI HK

Æðsta viðurkenning sem HK veitir. Veit þeim sem hefur starfað í stjórnnum að minnsta kosti í 25 ár. Verið formaður deildar. Setið í Aðalstjórn. Handhafar geta aldrei orðið fleiri en 10 manns á hverjum tíma.

Albert H N Valdimarsson	2004	Aðalstjórn
Ósérhlíft starf blakdeildar eða frá stofnun hennar í 30 ár		
Gísli B. Kristjánsson	2010	Aðalstjórn
Stofnandi, stjórnarmaður aðalstjórnar HK		
Jón Ármann Héðinsson	2010	Aðalstjórn
Stofnandi, stjórnarmaður aðalstjórnar HK		
Þorsteinn Einarsson	2008	Formaður HK
Formaður HK í 20 ár		
Þorvarður Áki Eiríksson	1981	Formaður HK
Formaður HK		
Gísli B. Kristjánsson	2010	Aðalstjórn
Stofnandi, stjórnarmaður aðalstjórnar HK		
Jón Ármann Héðinsson	2010	Aðalstjórn
Stofnandi, stjórnarmaður aðalstjórnar HK		

HEIÐURSFÉLAGI HK

Æðsta viðurkenning sem HK veitir einstaklingi sem er ekki félagi í HK. Veit þeim einstaklingi sem hefur á einhvern hátt stutt félagið á ómetanlegan hátt til margra ára. Veit þeim einstaklingi sem hefur á mjög ósérhlífin hátt veitt félaginu framgang.

Gunnar I. Birgisson	2008	Aðalstjórn
Bæjarstjóri Kópavogs		
Ómar Stefánsson	2008	Aðalstjórn
Formaður bæjarráðs Kópavogs		



ÁRSREIKNINGAR



RAFRÆNT UNDIRRITAD

Sandra Sigurðardóttir

Kt. 0602834949

Dags. 8.5.2024 16:32:37

Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAD

Atli Steinn Arnason

Kt. 0604675879

Dags. 10.5.2024 17:07:31

Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAD

Árnína Steinunn Kristjánsdóttir

Kt. 2910753559

Dags. 8.5.2024 19:16:59

Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAD

Heiðar Þór Karlsson

Kt. 2710853389

Dags. 10.5.2024 17:54:08

Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAD

Anný Berglind Thorstensen

Kt. 2912715889

Dags. 9.5.2024 14:58:49

Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAD

Helga Sigurrós Valgeirsdóttir

Kt. 2407795019

Dags. 13.5.2024 09:47:06

Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAD

Guðmundur Karl Guðmundsson

Kt. 1909765219

Dags. 10.5.2024 12:48:23

Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAD

Alexander Arnarson

Kt. 1412733889

Dags. 13.5.2024 10:27:04

Ástæða: Undirritun

Handknattleiksfélag Kópavogs

Samstæðuársreikningur 2023



Handknattleiksfélag Kópavogs
Vallakór 12-14
203 Kópavogi
kt. 630981-0269

**Handknattleiksfélag
Kópavogs**
Samstæðuársreikningur
2023



Efnisyfirlit

Könnunarályktun óháðs endurskoðanda	2
Skýrsla stjórnar	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5
Yfirlit um sjóðstreymi	6
Skýringar	7-9

Könnunarályktun óháðs endurskoðanda

Til Aðalstjórnar Handknattleiksfélags Kópavogs

Við höfum kannað meðfylgjandi samstæðuársreikning Handknattleiksfélags Kópavogs fyrir árið 2023. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka

Ábyrgð endurskoðanda við könnun

Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um ársreikninginn sem byggir á könnuninni. Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2400, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á ársreikningum. Samkvæmt staðlinum eigum við að leggja fram ályktun um hvort eitthvað hafi komið fram sem bendir til annars en að ársreikningurinn gefi glögga mynd í samræmi við lög um ársreikninga. Staðallinn gerir jafnframt kröfu um að við fylgjum siðareglum.

Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum

Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við álit um endurskoðun ekki í ljós

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu, efnahag þess 31. desember 2023 og breytingu á handbæru fé á árinu, í samræmi við lög um ársreikninga.

Kópavogur, 8.5.2024

Deloitte ehf.

Heiðar Þór Karlsson
endurskoðandi

Skýrsla stjórnar

Samstæðuársreikningur Handknattleiksfélags Kópavogs fyrir árið 2023 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Tilgangur félagasamtakanna er að standa fyrir iðkun íþróttanna á meðal félagsmanna, auka áhuga þeirra á líkamlegu heilbrigði og efla íþróttastarf á starfssvæði sínu.

Starfsemin á árinu

Tap félagsins á árinu samkvæmt rekstrarreikningi nam.....	(45.003.778)
Eignir félagsins í árslok samkvæmt efnahagsreikningi námu.....	174.592.686
Bókfært eigið fé í árslok samkvæmt efnahagsreikningi nam.....	72.252.909
Eiginfjárhlutfall félagsins í árslok samkvæmt efnahagsreikningi nam.....	41%

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Að áliti stjórnar og framkvæmdastjóra Handknattleiksfélags Kópavogs koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Stjórn og framkvæmdastjóri Handknattleiksfélags Kópavogs staðfestir hér með samstæðuársreikning félagsins með undirritun sinni.

Kópavogur, 8.5.2024

Í stjórn

Árnína Steinunn Kristjánsdóttir

Alexander Arnarson

Atli Steinn Árnason

Helga Sigurrós Valgeirsdóttir

Guðmundur Karl Guðmundsson

Anný Berglind Thorstensen

Framkvæmdastjóri

Sandra Sigurðardóttir

Ársreikningur samstæðu Handknattleiksfélags Kópavogs fyrir árið 2023 er rafrænt undirritaður af stjórn og framkvæmdastjóra.

Rekstrarreikningur ársins 2023

	Skýr.	2023	2022
Rekstrartekjur			
Framlög frá Kópavogsbæ		755.560.029	691.093.900
Styrkir og framlög		114.413.507	90.081.831
Tekjur af mótum		31.117.882	51.339.850
Æfingagjöld		178.487.528	167.783.812
Sala á vörum og þjónustu		16.790.912	18.441.049
Aðrar tekjur		45.730.214	46.672.049
		<u>1.142.100.072</u>	<u>1.065.412.491</u>
Rekstrargjöld			
Leiga mannvirkja af Kópavogsbæ		(616.930.520)	(567.844.804)
Laun, verktakagreiðslur og annar starfsmannakostnaður	5	(438.071.314)	(383.617.475)
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		(19.270.466)	(11.183.265)
Búningar og ýmis aðbúnaður		(16.993.731)	(14.504.757)
Mótakostnaður		(30.591.668)	(47.696.133)
Annar rekstrarkostnaður		(64.669.099)	(54.495.541)
Afskriftir		(2.680.424)	(1.050.647)
		<u>(1.189.207.222)</u>	<u>(1.080.392.622)</u>
Rekstrartap		(47.107.150)	(14.980.131)
Fjármunatekjur		5.322.655	3.343.115
Fjármagns- og þjónustugjöld		(3.219.283)	(3.369.083)
		<u>2.103.372</u>	<u>(25.968)</u>
Tap ársins		<u>(45.003.778)</u>	<u>(15.006.099)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2023

Eignir	Skýr.	31.12.2023	31.12.2022
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	7	14.126.623	6.962.322
Leikmenn	6	3.600.000	5.437.580
		<u>17.726.623</u>	<u>12.399.902</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur		38.475.138	31.262.141
Aðrar skammtímakröfur		20.504.341	336.426
Handbært fé		97.886.584	155.609.690
		<u>156.866.063</u>	<u>187.208.257</u>
Eignir		<u>174.592.686</u>	<u>199.608.159</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
	8		
Sérstakt endurmat leikmanna		3.300.000	3.800.000
Óráðstafað eigið fé		68.952.909	113.956.691
		<u>72.252.909</u>	<u>117.756.691</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir		9.243.574	8.733.767
Fyrirframinnheimtar tekjur		81.500.000	61.650.000
Aðrar skammtímaskuldir		11.596.203	11.467.701
		<u>102.339.777</u>	<u>81.851.468</u>
Skuldir		<u>102.339.777</u>	<u>81.851.468</u>
Eigið fé og skuldir		<u>174.592.686</u>	<u>199.608.159</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2023

	Skýr.	2023	2022
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrartap		(47.107.150)	(14.980.131)
Afskriftir	6,7	2.680.424	1.050.647
Söluhagnaður óefnislegra eigna		0	(950.000)
Veltufé til rekstrar án vaxta og skatta		(44.426.726)	(14.879.484)
Aðrar rekstrartengdar eignir (hækkun), lækkun		(27.380.912)	9.827.814
Rekstrartengdar skuldir, hækkun		20.488.305	6.213.264
Handbært fé (til), frá rekstri án vaxta og skatta		(51.319.333)	1.161.594
Innborgaðir vextir		5.322.655	3.343.115
Greiddir vextir		(3.219.283)	(3.369.083)
Handbært fé (til), frá rekstri		(49.215.961)	1.135.626
Fjárfestingahreyfingar			
(Keyptir)/Seldir leikmenn	6	0	(950.000)
Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir	7	(8.507.145)	(5.641.335)
		(8.507.145)	(6.591.335)
Lækkun handbærs fjár		(57.723.106)	(5.455.709)
Handbært fé í upphafi árs		155.609.690	161.065.399
Handbært fé í lok árs		97.886.584	155.609.690

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Handknattleiksfélag Kópavogs eru félagsamtök, sem standa fyrir iðkun íþróttá á meðal félagsmanna, auka áhuga þeirra á líkamlegu heilbrigði og efla íþróttastarf á starfssvæði sínu.

Handknattleiksfélag Kópavogs er með heimilisfesti á Íslandi og er lögheimili félagsins að Vallakór 12-14, 203 Kópavogi.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins.

3. Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

4. Samstæða

Ársreikningur samstæðunnar tekur til ársreiknings Aðalstjórnar HK og ársreikninga meistaraflokks knattspyrnudeildar, yngri flokka knattspyrnudeildar, bandýdeildar, meistaraflokks blakdeildar, yngri flokka blakdeildar, borðtennisdeildar, dansdeildar, meistaraflokks handknattleiksdeildar og yngri flokka handknattleiksdeildar.

5. Laun, verktakagreiðslur og annar starfsmannakostnaður

	2023	2022
Laun	113.017.037	106.477.486
Launatengd gjöld	32.442.853	28.147.702
Annar starfsmannakostnaður	7.731.740	6.005.495
Verktakagreiðslur	267.450.321	229.749.568
Rekstrarleiga bifreiða	17.429.363	13.237.224
	<u>438.071.314</u>	<u>383.617.475</u>

6. Óefnislegar eignir

Leikmannasamningar greinast þannig:

	Samtals
Kaupverð að frádregnum afskriftum 1.1.2023	1.337.580
Afskriftir á árinu	(1.337.580)
Kaupverð að frádregnum afskriftum 31.12.2023	<u>0</u>
Endurmat 1.1.2023	4.100.000
Matsbreyting leikmanna á árinu	(500.000)
Endurmat 31.12.2023	<u>3.600.000</u>
Bókfært verð	
Staða 1.1.2023	<u>5.437.580</u>
Staða 31.12.2023	<u>3.600.000</u>

Skýringar

7. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

	Veltiskilti	Áhöld, tæki og innréttingar	Samtals
Kostnaðarverð			
Staða 1.1.2023	11.483.450	22.892.860	34.376.310
Eignfært á árinu	0	8.507.145	8.507.145
Staða 31.12.2023	11.483.450	31.400.005	42.883.455
Afskriftir			
Staða 1.1.2023	10.335.105	17.078.883	27.413.988
Afskrift ársins	0	1.342.844	1.342.844
Staða 31.12.2023	10.335.105	18.421.727	28.756.832
Bókfært verð			
Staða 1.1.2023	1.148.345	5.813.977	6.962.322
Staða 31.12.2023	1.148.345	12.978.278	14.126.623
Afskriftarhlutföll	6%	15-20%	

8. Eigið fé

Eigið fé greinist þannig:	Endurmat	Óráðstafað eigið fé	Samtals eigið fé
Eigið fé 1.1.2022.....	3.900.000	131.462.790	135.362.790
Endurmat leikmanna.....	(100.000)	0	(100.000)
Leiðrétting á eigin fé fyrri ára	0	(2.500.000)	(2.500.000)
Tap ársins	0	(15.006.099)	(15.006.099)
Eigið fé 1.1.2023.....	3.800.000	113.956.691	117.756.691
Endurmat leikmanna.....	(500.000)	0	(500.000)
Tap ársins	0	(45.003.779)	(45.003.779)
Eigið fé 31.12.2023.....	3.300.000	68.952.912	72.252.909

9. Reikningsskilaaðferðir

Skráning tekna

Tekjur af vörusölu og þjónustu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Vörusala er skráð þegar yfirráð yfir seldri vöru flytjast yfir til kaupanda, sem er almennt við afhendingu vöru. Þjónustutekjur eru eftir atvikum færðar á þeim tímapunkti þegar þjónustan hefur verið innt af hendi, eða samhliða því sem þjónustan er veitt. Sala er sýnd í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afsláttá. Tekjur, sem innheimtar hafa verið á reikningsárinu en varða síðari reikningsár, eru færðar til skuldar í efnahagsreikningi sem fyrirframinnheimtar tekjur. Tekjur, sem varða reikningsárið en innheimtast eftir lok þess, eru færðar til eignar í efnahagsreikningi.

Skráning gjalda

Gjöld sem stofnað er til við öflun tekna á tímabilinu eru færð sem rekstrarkostnaður. Gjöld sem stofnað er til á reikningsárinu en varða síðari reikningsár eru færð til eignar í efnahagsreikningi sem fyrirframgreiddur kostnaður. Gjöld sem varða reikningsárið en koma til greiðslu síðar, eru færð til skuldar sem áfallinn kostnaður í efnahagsreikningi.

Skýringar

9. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabili í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu.

Fjármagnsgjöld eru færð í rekstrarreikning á því tímabili sem þau falla til.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í krónur á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í rekstrarreikning. Peningalegar eignir og skuldir í erlendri mynt eru umreiknaðar miðað við gengi myntar árslok og er áfallinn gengismunur færður í rekstrarreikning á meðal fjármagnsliða.

Skattamál

Íþróttafélög eru undanþegin tekjuskatti að því gefnu að þau verji hagnaði sínum einungis til almannaheilla og hafi það að einasta markmiði samkvæmt samþykktum sínum, sbr. 4. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003.

Varanlegir rekstrarfjármunir og óefnislegar eignir

Eignir (leikmenn) eru skráðar(ir) meðal varanlegra rekstrarfjármuna (óefnislegra eigna) þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru annað hvort færðir samkvæmt kostnaðarverðsaðferð eða endurmatsaðferð. Samkvæmt kostnaðarverðsaðferðinni eru varanlegir rekstrarfjármunir færðir á upphaflegu kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eignunum í tekjuhæft ástand.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi, og er færður við rekstrarreikning við sölu.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til áfallins kostnaðar.

REKSTRARREIKNINGUR 2023

SUNDURLIÐAÐ Á DEILDIR

REKSTRARTEKJUR:	Aðalstjórn	Handbolti	Handbolti	Knattspyrna	Knattspyrna	Blak	Blak	Borðtennis	Dans	Bandý	Millifaerslur	Allar deildir SAMSTÆÐA	2022 SAMSTÆÐA
	Meistaraflokkur	BU	Meistaraflokkur	BU	Meistaraflokkur	BU							
Framlög frá Kópavogsbæ	755.560.029											755.560.029	567.844.804
Aðrir styrkir og framlög	3.900.135	24.552.161	2.867.655	76.571.139	18.155.368	4.885.950	930.992	466.520	530.813	252.774	(18.700.000)	114.413.507	90.081.831
Æfingagjöld	2.377.795	-	45.824.812	1.757.744	106.151.715	8.762.807	8.917.744	1.199.770	4.053.537	1.199.348		178.487.528	167.783.812
Tekjur af mótum	10.732.638	1.737.079	4.175.250	21.925.531		3.280.022						31.117.882	51.339.850
Sala á vörum og þjónustu	24.015.162										(7.224.250)	16.790.912	18.441.049
Aðrar tekjur	10.732.638	5.167.105	3.825.059	12.788.722	6.683.567	2.696.310	2.602.854	250.450	833.642	149.867		45.730.214	46.672.049
	796.585.759	31.456.345	56.692.776	111.285.392	130.990.650	19.625.089	12.451.590	1.916.740	5.417.992	1.601.989	(25.924.250)	1.142.100.072	942.163.395
REKSTRARGJÖLD:													
Leiga mannvirkja af Kópavogsbæ	616.930.520											616.930.520	567.844.804
Laun og verktakar	122.335.411	18.018.517	51.888.610	84.529.522	134.152.712	10.853.372	10.958.919	810.000	4.003.751	520.500		438.071.314	383.617.475
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	16.540.390	33.901	2.697.298	400.973	5.582.561	39.603	391.000	57.000	540.990	211.000	(7.224.250)	19.270.466	11.183.265
Búningar og ýmis aðbúnaður	167.770	6.267.483	2.883.041	4.778.400	1.865.238	535.260			162.142	334.397		16.993.731	14.504.757
Mótakostnaður		5.931.395	3.833.294	6.223.686	5.147.284	6.805.248	1.341.180	147.214	234.921	197.408	730.038	30.591.668	47.696.133
Annar rekstrarkostnaður	51.712.905	-	-	23.970.897	1.349.442	4.477.667	1.215.118	80.514	256.930	305.626	(18.700.000)	64.669.099	54.495.541
Afskrifir	1.342.844	-	-	1.337.580	-	-	-	-	-	-	-	2.680.424	1.050.647
	809.029.840	30.251.296	61.302.243	121.241.058	148.097.237	22.711.150	13.906.217	1.094.728	5.198.734	1.568.931	(25.194.212)	1.189.207.222	1.080.392.622
Hagnaður (tap) fyrir fjármagnslið	(12.444.081)	1.205.049	(4.609.467)	(9.955.666)	(17.106.587)	(3.086.061)	(1.454.627)	822.012	219.258	33.058		(47.107.150)	(138.229.227)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld													
Vaxtatekjur	1.441.671	34.934	473.539	103.772	2.568.110	134.594	95.323	178.568	31.056	261.087		5.322.655	3.343.116
Vaxtagjöld og bankakostnaður	(417.043)	(19.938)	(707.792)	(304.215)	(1.377.889)	(177.416)	(127.060)	(24.382)	(33.877)	(29.671)		(3.219.283)	(3.369.083)
	1.024.628	14.996	(234.253)	(200.443)	(1.190.221)	(42.822)	(31.737)	154.186	(2.821)	231.416		2.103.372	(25.967)
Hagnaður (tap) af reglulegri starfsemi	(11.419.453)	1.220.045	(4.843.720)	(10.156.109)	(15.916.366)	(3.128.883)	(1.486.364)	976.198	216.437	264.474		(45.003.778)	(138.255.194)
Starfsemi flokka													
Inngreiðslur	-	-	35.954.470	-	45.432.051	3.383.217	-	-	3.828.854	-	(88.598.592)	-	-
Útgreiðslur	-	-	(35.724.052)	-	(46.088.989)	(3.351.224)	-	-	(4.164.365)	-	89.328.630	-	-
	-	-	230.418	-	(656.938)	31.993	-	-	(335.511)	-	-	-	-
Hagnaður (tap) ársins	(11.419.453)	1.220.045	(4.613.302)	(10.156.109)	(16.573.304)	(3.096.890)	(1.486.364)	976.198	(119.074)	264.474		(45.003.778)	(15.006.098)
EFNAHAGSREIKNINGUR 31.12.2023													
EIGNIR													
Fastafjármunir													
<i>Varanlegir rekstrarfjármunir</i>													
Veltiskilti	1.148.345											1.148.345	1.148.345
Áhöld, tæki og innréttingar	12.978.278											12.978.278	5.813.977
	14.126.623	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	14.126.623	6.962.322
<i>Óefnislegar eignir</i>													
Eignarfærðir leikmenn				3.600.000								3.600.000	5.437.580
Fastafjármunir	14.126.623	-	-	3.600.000	-	-	-	-	-	-	-	17.726.623	5.437.580
Veltufjármunir													
<i>Skammtimarkröfur:</i>													
Viðskiptakröfur	2.035.009	1.470.308	7.867.102	287.500	23.491.568	1.757.512	1.313.351	-	189.313	63.475		38.475.138	31.262.140
Kröfur á deildir	40.791.080										(40.791.080)	-	-
Aðrar kröfur	634.528	2.147	457.508	6.883.747	12.497.334	7.941	4.796	6.394	508	9.438		20.504.341	336.426
<i>Handbært fé:</i>													
Bankareikningar og verðbréf	10.678.692	579.128	16.331.958	1.796.744	53.480.777	2.409.355	3.039.676	3.981.576	529.403	5.059.218		97.886.584	155.609.691
Veltufjármunir	54.139.309	2.051.583	24.656.568	8.967.991	89.469.679	4.174.808	4.357.823	3.987.970	719.224	5.132.131		156.866.063	187.208.257
Eignir alls	68.265.932	2.051.583	24.656.568	12.567.991	89.469.679	4.174.808	4.357.823	3.987.970	719.224	5.132.131		174.592.686	199.608.159
SKULDIR OG EIGIÐ FÉ													
Eigið fé													
Sérstakur endurmatarsreikningur	-	-	-	3.300.000	-	-	-	-	-	-		3.300.000	3.800.000
Eigið fé	53.226.514	(9.797.781)	3.099.540	(17.755.421)	29.246.224	760.277	461.823	3.987.970	603.575	5.120.131		68.952.909	113.956.688
Eigið fé	53.226.514	(9.797.781)	3.099.540	(14.455.421)	29.246.224	760.277	461.823	3.987.970	603.575	5.120.131		72.252.909	117.756.688
Skammtimaskuldir													
Viðskiptaskuldir	3.443.215	1.349.364	557.028	2.193.975	501.955	579.898	396.000	-	115.649	12.000	94.490	9.243.574	8.733.767
Fyrirframinheimtar tekjur			19.000.000		57.000.000	2.000.000	3.500.000					81.500.000	61.650.000
Ýmsar skammtimaskuldir	11.596.203	-	-	1.285.310	2.721.500	834.633	-	-	-	-	(4.841.443)	11.596.203	11.467.704
Skuldir við aðalstjórn		10.500.000	2.000.000	23.544.127							(36.044.127)	-	-
Skammtimaskuldir	15.039.418	11.849.364	21.557.028	27.023.412	60.223.455	3.414.531	3.896.000	-	115.649	12.000		102.339.777	81.851.471
Skuldir og eigið fé alls	68.265.932	2.051.583	24.656.568	12.567.991	89.469.679	4.174.808	4.357.823	3.987.970	719.224	5.132.131		174.592.686	199.608.159